

## Skýrsla

### umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–99.)

#### I. Beiðni um skýrslu.

Með beiðni (á þskj. 82) frá Kristínu Halldórsdóttir og fleiri alþingismönnum er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Óskað er að fram komi lagalegar forsendur þeirrar niðurstöðu og ákvörðunar ráðherrans að ekki beri að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

#### II. Forsaga málsins.

Íslenska járnblendifélagið hf. ritaði umhverfisráðuneytinu bréf 20. september 1995<sup>1</sup> þar sem óskað var samþykkis ráðuneytisins fyrir því að annaðhvort „þjónaði“ mat á umhverfisáhrifum vegna 50–70% stækkunar verksmiðju félagsins ekki markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum eða að slík stækkun félli undir ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og væri því mat á umhverfisáhrifum ekki lögskilt samkvæmt þeim.

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dagsettri 11. nóvember 1995<sup>2</sup> um erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. sem óskað var eftir af umhverfisráðuneytinu með bréfi dagsettu 9. október 1995,<sup>3</sup> tekur ráðuneytið undir sjónarmið Íslenska járnblendifélagsins hf. um að stækkun verksmiðju félagsins falli undir ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 63/1993 og lögbundið umhverfismat þurfi ekki að fara fram með vísun til eftirfarandi röksemda:

1. Með lögum nr. 18/1977 var veitt heimild til að reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2. Í 6. gr. laganna var sérstaklega kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina til að standa að fjármögnun verksmiðju með tveimur 30–45 MW bræðsluofnum. Hins vegar er í lögum eða samningum sem gerðir voru á grundvelli laganna ekki neinar takmarkanir á stærð.
3. Við samningsgerðina var sérstaklega gert ráð fyrir síðari stækkun verksmiðjunnar og voru lóðarsamningar við það miðaðir.“

<sup>1</sup> Fylgiskjal I. Bréf Íslenska járnblendifélagsins hf. til umhverfisráðuneytisins, dags. 20. september 1995.

<sup>2</sup> Fylgiskjal II. Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til umhverfisráðuneytisins, dags. 11. nóvember 1995.

<sup>3</sup> Fylgiskjal III. Bréf umhverfisráðuneytis til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dags. 9. október 1995.

Umhverfissráðuneytið svaraði erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. með bréfi dagsettu 1. desember 1995.<sup>4</sup> Í því segir m.a.:

„Það er mat ráðuneytisins að sú stækkun sem hér um ræðir og aukin afkastageta rúmist innan laga nr. 18/1977. Því ber fyrirtækinu ekki, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, skylda til að láta meta umhverfisáhrif stækkunarinnar. Ráðuneytið beinir hins vegar þeim eindregnu tilmælum til félagsins, verði farið út í umrædda stækkun, að það láti meta áhrif hennar á umhverfið.“

Íslenska járnblendifélagið hf. varð ekki við ósk ráðuneytisins um að láta meta áhrif þriðja ofns við verksmiðjuna á umhverfið.

### III. Ákvæði til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarp til laga um umhverfismat var lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi af umhverfissráðherra og tók frumvarpið miklum breytingum í meðförum þingsins. Meðal annars kom inn ákvæði til bráðabirgða II samkvæmt tillögu umhverfisnefndar og var heiti frumvarpsins breytt í frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Í 7. tölul. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, er kveðið á um að verksmiðjur þar sem fram fer frum- eða endurbraðsla á steypujárni, stáli og áli skuli háðar umhverfismati. Áður nefnt ákvæði til bráðabirgða II í sömu lögum mælir fyrir um undanþágu frá þeirri skyldu sem fram kemur í 5. gr. laganna um hvaða framkvæmdir beri að setja í mat á umhverfisáhrifum, en það hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.“

Með þessu ákvæði var verið að fresta gildistöku laganna til 1. maí 1994 og einnig að ítreka að löggin væru ekki afturvirk, þ.e. þeim var ekki ætlað að ná til þegar ákveðinna framkvæmda. Í framsögu með breytingartillögum þeim sem umhverfisnefnd lagði fram sagði Tómas Ingi Olrich eftirfarandi um ákvæði til bráðabirgða II:

„Þá er lagt til að við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, sem feli í sér að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 verði ekki háðar mati á umhverfisáhrifum en nauðsynlegt er að gefa hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frv. Með gildistöku frv., þó að það komi ekki til framkvæmda strax, er hægt að vinna að undirbúningi málsins og semja reglugerð en allri óvissu um það hvernig farið verður með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994 er eytt með þessu ákvæði.“<sup>5</sup>

Hvergi er tekið á því hvers konar leyfi það er sem veiti undanþágu frá því að framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Engin vafi er hins vegar á því að það sé á valdsviði umhverfissráðherra að skera úr um hvort leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II sé fyrir hendi eður ei.

Ráðuneytið hefur túlkað það svo að ef framkvæmd hefur verið heimiluð með sérlögum þá beri að líta svo á að í þeim lögum felist leyfi fyrir framkvæmdum í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Sem dæmi má nefna Fljótsdalsvirkjun þar sem almenn lög um raforkuver, nr. 60/1981, eru talin leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Í öðrum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort um sé að ræða leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Þau atriði sem geta haft áhrif á mat ráðuneytisins eru:

<sup>4</sup> Fylgiskjal IV. Bréf umhverfissráðuneytis til Íslenska járnblendifélagsins hf., dags. 1. desember 1995.

<sup>5</sup> Alþt. 8. maí 1993, bls. 10337.

- Viðhorf þess yfirvalds sem fer með leyfisveitingarvaldið.
- Hvernig staðið var að framkvæmdum, t.d. hvort við lóðarsamninga hafi verið gert ráð fyrir aukinni starfsemi síðar og hún undirbúin með einhverjum hætti, svo sem með skiptingu jarðvegs.
- Skipulag þess svæðis sem framkvæmdir eiga sér stað á.
- Önnur leyfi, svo sem byggingarleyfi.
- Fyrirliggjandi teikningar af framkvæmd.

Hér er ekki um tæmandi talningu á þeim atriðum sem ráðuneytið hefur til hliðsjónar við mat á því hvort leyfi hafi verið veitt til framkvæmda í skilningi ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, en þau gefa vísbendingu um þá þætti sem ráðuneytið verður að skoða.

#### **IV. Lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, og önnur lög er varða byggingu verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.**

Lög voru sett um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði 11. maí 1977, nr. 18/1977.<sup>6</sup> Með þeim var ríkisstjórninni ætlað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisti og ræki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á kísiljárni og hefði með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur. Með frumvarpi til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði fylgdu tvö fylgiskjöl: Fylgiskjal I. „Greinargerð um járnblendiverksmiðu í Hvalfirði“ sem gerð var af Íslenska járnblendifélaginu hf. og dagsett 18. nóvember 1976. Fylgiskjal II. „Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s“ sem gerður var 8. desember 1976.

Í 3. mgr. 6. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, er ríkisstjórninni veitt heimild til að semja við samstarfsaðila um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30–45 MW bráðsluofnum fyrir kísiljárn. Í lögnum er að öðru leyti ekki kveðið á um stærð verksmiðjunnar, enda verður að gera skýran greinarmun á heimildum Íslenska járnblendifélagsins hf. annars vegar og heimildum ríkisstjórnarinnar til að fjármagna framkvæmdir hins vegar.

Í 11. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði eru gerðar eftirfarandi kröfur sem byggjast á svipuðum eða sömu sjónarmiðum og mat á umhverfisáhrifum samkvæmt samnefndum lögum:

„Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi verðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.“

Gerðar voru ýmsar rannsóknir áður en starfsemi járnblendiverksmiðjunnar hófst. Þar ber einkum að nefna rannsóknir á ryki og brennisteinssamböndum, rannsóknir á rennsli og efna-

<sup>6</sup> Fylgiskjal V. Frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ásamt athugasemdum.

samsetningu grunnvatns, auk líffræðilegrar athugunar á umhverfi verksmiðjunnar.<sup>7</sup> Þær rannsóknir voru ekki einskorðaðar við rekstur tveggja ofna.

Við skilgreiningu á verksmiðjunni er hvergi getið stærðarmarka. Á það jafnt við um lög og samninga sem undirritaðir voru á grundvelli laganna, sbr. 13. tölul. 1. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s, hér eftir nefndur aðalsamningurinn.<sup>8</sup>

Í 7. gr. aðalsamnings<sup>9</sup> er fjallað um byrjun framkvæmda, en í 1. mgr. 8. gr., um rekstur, segir:

„... skal Járnblendifélagið halda framleiðslugetu hinna ýmsu áfanga verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem æskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum og sölusamningum, í öllum atriðum sem við á.“

Af ákvæðinu verður ráðið að félaginu var ekki einasta heimilt heldur á það rétt á að stækka verksmiðju sína ef tæknilegar og efnahagslegar aðstæður mæla með því. Það hefur um nokkurn tíma verið vitað að það væri fjárhagslega hagkvæmt að stækka verksmiðjuna og að rekstur hennar yrði mun öruggari ef framleiðslugeta hennar væri aukin. Þá má enn fremur draga þá ályktun af orðalagi 2. mgr. 7. gr. aðalsamningsins að orðin „í upphafi“ feli í sér að ætlunin hafi verið að ráðast í frekari framkvæmdir síðar.

Í III. kafla aðalsamningsins segir eftirfarandi í d-lið 1. mgr. 6. gr.:

„Leigulóðarsamninginn við ríkissjóð. Leigulóðarsamningurinn skal tryggja félaginu verksmiðjulóð, er sé nægilega stór til að rúma ekki færri en fjóra bræðsluofna, ásamt nauðsynlegum réttindum Járnblendifélagsins til stöðugar vatnsöflunar, er nægi til rekstursþarfa félagsins, svo og varðandi aðstöðu til þess að losna við hvers konar úrgangsefni.“<sup>10</sup>

Af framangreindu ákvæði í aðalsamningi má ráða að strax í upphafi hafi verið gert ráð fyrir stækkun verksmiðjunnar þótt lög um járnblendistöðu hafi einungis heimilað ríkinu í byrjun að fjármagna tvo ofna.

<sup>7</sup> Yfirlit yfir nokkrar rannsóknir sem gerðar voru:

1. Árni Einarsson. *Fuglalíf við Grundartanga. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga*. Skýrsla nr. 8. Líffræðistofnun H.Í. Reykjavík, 1993.
2. Erlendur Jónsson, Erling Ólafsson, Árni Einarsson. *Könnun á landliðdýrum í nágrenni málblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í Hvalfirði*. Skýrsla frá Náttúrufræðistofnun Íslands til Líffræðistofnunar Háskólans (samkvæmt verksamningi 1979). Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 7. Reykjavík, júní 1980.
3. Gísli Már Gíslason. *Könnun á dýralífi í Eiðisvatni, Borgarfjarðarsýslu*. Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 18. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 6. Reykjavík, 1983.
4. Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannsson, Eypór Einarsson. *Grasafræðirannsóknir við Hvalfjörð*. Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 17. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 6. Reykjavík, 1983.
5. Jón Eldon. *Þungmálmar í mosa, jarðvegi og regnvatni í nágrenni Grundartanga 1978 og 1979*. Líffræðistofnun H.Í., fjölrit nr. 19. Rannsóknir á lífríki og umhverfi Grundartanga, skýrsla nr. 4. Reykjavík, júní 1983.
6. Jón Ólafsson. *Þungmálmar í kræklingi við Suðvesturland*. Hafrannsóknastofnun, fjölrit nr. 10, des. 1983.
7. Sigurbjörg Gísladóttir. *Brennisteinsdíoxíðmælingar að Grundartanga frá 12.11. '85 til 10.07. '86, 2 stöðvar SO<sub>2</sub> í næsta nágrenni verksmiðju, vindmæling á sama tíma*. Hollustuvernd ríkisins.

<sup>8</sup> Fylgiskjal VI. Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s, sem gerður var 8. desember 1976.

<sup>9</sup> Sjá fylgiskjal VI.

<sup>10</sup> Sjá fylgiskjal VI.

Í aðalsamningi kemur einnig fram í 3. mgr. 12. gr. að í sölusamningnum skuli kveðið á um bráðabirgðareglur, er beita skuli í því tilviki, að ES (Elkem-Spigerverket) eða Járblendifélagið byggi eða eignist nýja bræðsluofna.<sup>11</sup>

Á þeim tíma er lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, voru samþykkt var löggjöf í byggingarmálum áfátt. Engin heildstæð löggjöf var í gildi innan málaflokksins fyrr en við gildistöku byggingarlaga, nr. 54/1978, en sett höfðu verið lög nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir með síðari breytingu nr. 84/1943 en með þeim var gildissvið laganna frá 1905 útvíkkað þannig að það næði ekki einungis til verslunarstaða heldur einnig til annarra staða sem voru skipulagsskyldir samkvæmt lögum um skipulag kauptúna. Einnig höfðu verið sett lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, nr. 108/1945.

Í 1. gr. laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp sem ekki eru löggiltir verslunarstaðir, nr. 108/1945, segir að sýslunefndum sé heimilt að gera byggingarsamþykktir fyrir sýsluna. Í lögnum er síðan fjallað um hvað koma eigi fram í byggingarsamþykktum, t.d. sagði í 3. tölul. 5. gr. „að engin [mætti] byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann [hefði] áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar“. Í 6. gr. laganna sagði enn fremur að verkefni byggingarnefndar væri í fyrsta lagi að veita byggingarleyfi.

Byggingarsamþykkt var sett fyrir Vesturlandsumdæmi 26. apríl 1965<sup>12</sup> en hún tók til Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Hnappadalssýslu, Snæfellsnessýslu og Dalasýslu. Í 8. gr. byggingarsamþykktar Vesturlandsumdæmis er kveðið á um að verkefni byggingarnefndar séu m.a. „að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar úr Byggingasjóði og Ræktunarsjóði er að ræða“.<sup>13</sup>

Eftir því sem ráðuneytið hefur komist næst liggur ekki fyrir skriflegt byggingarleyfi fyrir fyrsta og öðrum áfanga járnblendiverksmiðjunnar. Hins vegar liggur fyrir lóðarsamningur og teikningar þar sem gert er ráð fyrir fjórum ofnum.

#### **V. Lög nr. 64/1997, um breytingu á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.**

Í tengslum við samninga um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. var lögum nr. 18/1977 breytt, sbr. lög nr. 64/1997. Breytingar sem gerðar voru á lögnum vegna stækkunarinnar snerust eingöngu um sölu ríkisins á hlut sínum í félaginu en hvergi var í breytingarlögnum vikið að því að félaginu væri veitt heimild til að stækka verksmiðjuna. Af umræðum á Alþingi má sjá að þingmenn töldu ekki þörf á að veita heimild til að stækka verksmiðjuna þar sem slík heimild væri til staðar. Í ræðum iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar, og framsögumanns meiri hluta iðnaðarnefndar var tekið fram að stækkun verksmiðjunnar bæri ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem stækkunin félli undir ákvæði II til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Iðnaðarráðherra Finnur Ingólfsson sagði m.a.:

„Frumvarp þetta snertir einungis þann þátt laganna sem snýr að eign ríkisins á meiri hluta í járnblendifélaginu. Jafnframt er leitað heimildar til sölu á eignarhlut ríkisins á almennum markaði. Aðrar breytingar sem verða á samstarfinu kalla ekki á lagabreytingar en sérstaklega skal tekið fram að eldri samningar og gildandi lög um járnblendiverksmiðjuna í Hval-

<sup>11</sup> Sjá fylgiskjal VI.

<sup>12</sup> Fylgiskjal VII. Byggingarsamþykkt fyrir Vesturlandsumdæmi frá 26. apríl 1965.

<sup>13</sup> Sama. Bls. 22

firði gera ráð fyrir að verksmiðjan stækki án þess að lagabreytingar þurfi til. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er nauðsynlegt að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63, 21. maí 1993, um mat á umhverfisáhrifum. Félagið þarf hins vegar að afla starfsleyfis fyrir þriðja ofninn og í því verður kveðið á um skilmála þar að lútandi.<sup>14</sup>

Í álitni meiri hluta iðnaðarnefndar segir m.a.:

„Meiri hlutinn vekur athygli á því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, ná ekki til framkvæmda samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994. Telur hann eðlilegt að fyrir hugsanlega framtíðarstækkun járnblendiverksmiðjunnar (IV. og V. ofn) verði gert mat á umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi á svæðinu í heild.“<sup>15</sup>

Ekki komu fram mótmæli við framangreinda túlkun iðnaðarráðherra og meiri hluta iðnaðarnefndar að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, nái ekki til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar. Styðja þessar umræður ótvírætt þá túlkun umhverfisráðherra að Íslenska járnblendifélaginu hf. hafi ekki borið lagaskylda til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum af þriðja ofni verksmiðjunnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

## VI. Undirbúningur og framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna.

Frá því hafist var handa við að koma á laggirnar járnblendiverksmiðju á Grundartanga var gert ráð fyrir að í fyrstu yrðu byggðir tveir ofnar en síðan yrði hafist handa við næstu tvo ofna þannig að verksmiðjan fullgerð hefði fjóra ofna.

Í útboðsgögnum vegna undirbúnings verksmiðjulóðar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga frá maí 1975 er gert ráð fyrir í útboðsskilmálum að skipt sé um jarðveg á allri lóð verksmiðjunnar og var hafist handa við það verk 26. júlí 1975. Af stærð lóðar og umfangi jarðvegsskipta má ráða að gert hafi verið ráð fyrir fjórum ofnum.

Aðalteikning af verksmiðjunni frá maí 1974<sup>16</sup> sýnir glögglega að skipulag verksmiðjunnar allrar miðast við fjóra ofna og er framtíðarstækkun sett inn á teikninguna með brotnum línunum. Af minnisblöðum „Scope engineering design memorandum“ frá 24. janúar og 21. febrúar 1975 má sjá að í hönnun verksmiðjunnar er gert ráð fyrir að hún muni stækka um tvo ofna.

Úttekt var gerð í júlí 1980 á tæknilegri úrlausn og kostnaðarmati vegna ofns III<sup>17</sup> en byrjað var á þessari úttekt áður en byggingu ofns II var lokið. Ekki var farið í stækkun verksmiðjunnar þá vegna óhagstæðs verðs á framleiðslu hennar.

Aðrar framkvæmdir benda enn fremur til þess að ætíð hafi verið gert ráð fyrir að ekki yrði látið staðar numið í járnblendiverksmiðjunni eftir byggingu tveggja ofna. Þannig getur Grundartangaveitan flutt allt að 30 lítra á sekúndu, en meðaltalsnotkun verksmiðjunnar er nú um 15 lítrar á sekúndu.<sup>18</sup> Holræsakerfið á Grundartanga er „tvöfalt kerfi“ sem byggt var upp um leið og verksmiðjan og lagt frá öllum húsum þar. Þá var einnig byggð rotþró, sem annað getur öllu svæðinu með þeirri stækkun, sem þar getur orðið innan girðingar.<sup>19</sup> Flutningsgeta núverandi raforkukerfis til Grundartangasvæðisins er t.d. 300 MW en járnblendiverksmiðjan nýtir aðeins um 70 MW.

<sup>14</sup> Alþingistíðindi. 1996–97, þskj. 802, bls. 4119.

<sup>15</sup> Alþingistíðindi. 1996–97, þskj. 1264, bls. 5575.

<sup>16</sup> Fylgiskjal VIII. Aðalteikning af verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. frá maí 1974.

<sup>17</sup> Technical evaluation and Cost estimate for Furnace 3. Júlí 1980.

<sup>18</sup> Svæðisskipulagsáætlun. Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar. 22. september 1993. Kafli 2.2.5. A: vatnsveitur.

<sup>19</sup> Sama. Kafli 2.2.5. D: Fráveitur

## VII. Skipulag svæðisins.

Aðalskipulag var gert fyrir stóriðnaðarsvæðið á Grundartanga 16. júní 1975 en í því er einungis afmarkaður sá reitur sem er stóriðnaðarsvæðið á Grundartanga. Deiliskipulag var ekki gert fyrir lóðina fyrr en árið 1996 og voru þá settar inn teikningar af lóð Íslenska járnblendifélagsins hf. þar sem gert er ráð fyrir stækkun verksmiðjunnar um tvo ofna.

Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar tók gildi 26. apríl 1994 eða fyrir gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Það gildir fyrir sveitarfélögin Akranes, Innri-Akraneshrepp, Hvalfjarðarstrandarhrepp, Leirár- og Melahrepp og Skilmanna-hrepp. Þar er gert ráð fyrir stóriðnaðarsvæði á Grundartanga.

## VIII. Evrópuréttur.

Í 74. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið er vísað til viðauka XX, en í honum er að finna tilskipun frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (tilskipun 85/337/EBE). Í 12. mgr. inngangs þeirrar tilskipunar segir:

„Tilskipun þessi tekur þó ekki til framkvæmda sem landslög hafa þegar verið sett um í einstökum atriðum, þar eð í slíkum tilvikum hefur markmiðum hennar, þar á meðal upplýsingamiðlun, verið náð með lagasetningu.“

Af þessum orðum tilskipunarinnar er ljóst að gert var ráð fyrir að framkvæmdir sem sérstök lög hefðu verið sett um hefðu hlotið svipaða kynningu og fer fram þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á sér stað.

## IX. Lokaorð.

Með hliðsjón af framanrituðu var það mat ráðuneytisins að ekki væru lagaleg skilyrði til þess að krefjast mats á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar um einn ofna samkvæmt lögum nr. 63/1993, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Þrátt fyrir ábendingu ráðuneytisins til Íslenska járnblendifélagsins hf. um að æskilegt væri að mat á umhverfisáhrifum færi fram, þótt ekki lægi fyrir því skylda samkvæmt lögum, var það ekki gert.

Fylgiskjal I.**Bréf Íslenska járnblendifélagsins hf. til umhverfisráðuneytisins.**

(20. september 1995.)

Eins og umhverfisráðuneytinu mun kunnugt af fréttum, kannar járnblendifélagið um þessar mundir, hvort vera kynni fýsilegt að auka afkastagetu verksmiðjunnar að Grundartanga um einhvers staðar á bilinu 50-70%.

Í þessu sambandi hefur komið til umræðu spurningin um, hvernig sú gerð kynni að snúa við framkvæmd laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Þótt kísiljárnvinnslu sé ekki getið í lögnum er ljóst, að þessari tegund framleiðslu væri skylt að láta fara fram slíkt mat, ef verið væri að byggja verksmiðjuna frá grunni. Þau áhrif, sem þessi tegund iðjurekstrar hefur á umhverfi sitt og samfélag, svo notað sé orðalag laganna, eru hins vegar komin fram sem afleiðing ákvarðana, sem teknar voru fyrir nær tveimur áratugum.

Viðbót við verksmiðjuna veldur einungis stigsmun í útblæstri og öðrum óverulegum affallsefnum, sem frá verksmiðjunni koma. Mjög umfangsmikið mat á umhverfisáhrifum rekstrar af þessu tagi var í upphafi gert, - ekki hvað síst vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og kröfur til verksmiðjunnar við það miðaðar.

Járnblendifélaginu þykir það þess vegna sóun á fjármunum þess og tíma opinberra umfjöllunaraðila um mál af þessu tagi að hefja nú skýrslugerð, sem engum tilgangi þjónar nema sjálfri sér. Ómæld fyrirhöfn og kostnaður hjá fjölda aðila, sem mat af þessu tagi mundi valda, bætir engu við það, sem menn vita um þennan rekstur og ákvarðanir um hann frá því endur fyrir löngu verða ekki aftur teknar. Því telur járnblendifélagið æskilegt að forða öllum hlutaðeigendum frá þessu, sé þess nokkur kostur.

Með vísan til þessarar röksemdafærslu, leitar járnblendifélagið samþykkis umhverfisráðuneytisins annað hvort til þess,

- að það þjóni ekki markmiðum téðra laga um mat á umhverfisáhrifum, að slíkt mat fari fram vegna stækkunar verksmiðjunnar og það sé þess vegna óþarft, eða
- að slík stækkun falli sjálfkrafa undir ákvæði til bráðabirgða II. með lögnum og mat á umhverfisáhrifunum því ekki lögskylt. Þess skal getið í því sambandi, að ýmis atriði í framkvæmdum á sínum tíma, þ.á.m. fullbúin byggingarlóð, miðaðist við mun stærri verksmiðju, a.m.k. 4 bræðsluofna.

Þetta erindi óskast tekið til afgreiðslu við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllst,

Íslenska járnblendifélagið hf.

*Jón Sigurðsson.*



**Fylgiskjal II.****Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis til umhverfisráðuneytisins.  
(11. nóvember 1995.)**

Með vísun til bréfs umhverfisráðuneytisins, dags. 9. nóvember 1995, um erindi Íslenska Járnblendifélagsins hf., dags. 20. september 1995, varðandi umhverfismat fyrir 50-70% aukningu á afkastagetu verksmiðju félagsins óskar ráðuneytið að taka fram:

1. Með lögum nr. 18/1977 var veitt heimild til að reka járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2. Í 6. gr. laganna var sérstaklega kveðið á um heimild fyrir ríkisstjórnina til að standa að fjármögnun verksmiðju með tveimur 30-45 MW bræðsluofnum. Hinsvegar er í lögnum eða samningunum sem gerðir voru á grundvelli laganna ekki neinar takmarkanir á stærð.
3. Við samningsgerðina var sérstaklega gert ráð fyrir síðari stækkun verksmiðjunnar og voru lóðarsamningar við það miðaðir.

Með vísun til ofanritaðs tekur ráðuneytið undir það sjónarmið félagsins að ofangreind stækkun falli undir ákvæði til bráðabirgða II. með lögum nr. 63/1993 og lögbundið umhverfismat þurfi ekki að fara fram.

Skv. 11. gr. laga nr. 78/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ber félaginu "að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum" og þá skal "hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim."

Þetta ákvæði á við um hönnun og byggingu fyrirhugaðrar stækkunar verksmiðjunnar og rekstur stækkaðrar verksmiðju.

**Fylgiskjal III.****Bréf umhverfisráðuneytis til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.  
(9. október 1995.)**

./.. Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Íslenska járnblendifélagsins hf. frá 20. f.m. í tengslum við athuganir félagsins á því hvort fýsilegt kunni að vera að auka afkastagetu verksmiðjunnar að Grundartanga um 50 - 70%.

Í tilefni þessa óskar Íslenska járnblendifélagið eftir afstöðu ráðuneytisins til mats á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegrar aukningar á afkastagetu í samræmi við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til málsins er þess farið á leit að iðnaðarráðuneytið upplýsi hvort fyrirhuguð aukning á afkastagetu verksmiðjunnar rúmist innan laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sérstaklega með hliðsjón af II. kafla í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laganna séu framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum.

Verði á það fallist að aukin afkastageta eins og að framan greinir rúmist innan áðurnefndra laga sér ráðuneytið ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum enda ljóst að viðamiklar rannsóknir fóru fram á lífríki og umhverfi verksmiðjunnar á sínum tíma sem miðuðust við mun stærri verksmiðju en reist var. Þetta breytir þó í engu að fyrirtækið þarf að sækja um starfsleyfi í samræmi við lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994.

Álit iðnaðarráðuneytisins óskast sent við hentugleika.

Fylgiskjal IV.**Bréf umhverfisráðuneytis til Íslenska járnblendifélagsins hf.**  
(1. desember 1995.)

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 20. september sl. (tilvísun JS/AG 052.16) þar sem spurst er fyrir um afstöðu ráðuneytisins til mats á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegrar aukningar á afkastagetu verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga um 50 - 70% með vísun til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

/. Með bréfi dags. 10. f.m. leitaði ráðuneytið álits iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á því hvort fyrirhuguð aukning á afkastagetu verksmiðjunnar rúmist innan laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sérstaklega með hliðsjón af II. kafla í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laganna séu framkvæmdir skv. leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögnum. Svar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis barst 15. þ.m. sbr. meðfylgjandi bréf dags. 11. þ.m.

Það er mat ráðuneytisins að sú stækkun sem hér um ræðir og aukin afkastageta-rúmist innan laga nr. 18/1977. Því ber fyrirtækinu ekki, sbr. ákvæði til bráðabrigða II í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, skylda til að láta meta umhverfisáhrif stækkunarinnar. Ráðuneytið beinir hins vegar þeim eindregnu tilmælum til félagsins, verði farið út í umrædda stækkun, að það láti meta áhrif hennar á umhverfið.

Ráðuneytið vekur athygli á að stækkunin er að sjálfsögðu starfsleyfisskyld í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 84/1994 sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

**Fylgiskjal V.****Frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ásamt athugasemdum.**

(Pskj. 187, 129. mál á 98. löggjafarþingi 1976.)

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á ksiljárni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur.

**2. gr.**

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingi komi til.

**3. gr.**

Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum, til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.
2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess krefjast, sbr. 10. gr.
3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.
4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.
5. Að láta leggja rafliðu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
6. Að veita félaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 24.2 milljóna norskra króna, með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, eða leggja fram sömu fjárhæð til aukningar á hlutafé þess, gegn samsvarandi lánum eða framlögum frá samstarfsaðilum hennar að tiltölu við hlutafjáreign þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni.
7. Að lækka stimpilgjöld og þinglýsingargjöld vegna stofnlána, sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

**4. gr.**

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málslíðar 2. málsg. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn.

## 5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

## 6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, þar á meðal varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7.—9. gr. skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en fimmtán ár frá stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, er ríkisstjórnin gerir samkvæmt 1. málsg. um grundvallaratriði samstarfsins, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við 1. málsg. er ríkisstjórninni heimilt að semja við samstarfsaðila sína í hlutafélaginu um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja félaginu fjármagn til að ljúka byggingu á verksmiðju með tveimur 30—45 MW bræðsluofnum fyrir kísiljárn og hefjast handa um rekstur hennar, þ. e. það fjármagn, sem við kann að þurfa umfram stofnhlutafé og lán skv. 6. tölul. 3. gr. ásamt stofnlánum frá utanaðkomandi aðilum, er verði ekki lægri en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni og endurlána félaginu með kjörum, sem hún ákveður, eða að taka ábyrgð á lánum, sem félaginu eru útveguð, gegn samskonar aðgerðum af hálfu samstarfsaðilanna eftir réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers um sig.

## 7. gr.

Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsg. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsg. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og

greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.

3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsg. D-liðs 1. málsg. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.
4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnolkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

#### 8. gr.

Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkvæmt 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Í þeim tilvikum, sem slíkum tvísköttunarsamningum er ekki til að dreifa, er ríkisstjórninni heimilt að beita í þessu efni ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma milli Íslands og Noregs eða Íslands og Bandaríkjanna, eftir því sem hún ákveður nánar. Jafnframt skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart ofangreindum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% — fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útstandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

#### 9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu eða notkun raforku.

## 10. gr.

Höfn við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarðnæði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 2. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

## 11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð liffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.

## 12. gr.

Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfslíði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfslíðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfslíðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

## 13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er lög þessi leysa af hólmi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 10 26. apríl 1975 fékk ríkisstjórnin lagaheimild til að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, járnblendivinnslu, sem nyti til vinnslunnar raforku frá Sigölduvirkjun og öðrum orkuverum Landsvirkjunar.

Fyrirhugað var að reisa iðjuver þetta í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation og með þeim aðila stofnaði ríkisstjórnin Íslenska járnblendifélagið h. f. hinn 28. apríl 1975 á grundvelli þessara heimildarlaga, með aðsetur að Grundartanga í Hvalfirði. Hins vegar gekk Union Carbide úr Járnblendifélaginu sumarið 1976, eins og kunnugt er, og yfirtók ríkisstjórnin hlut þess í félaginu á grundvelli samkomulags um slit samvinnunar.

Á sl. vori, þegar sýnt þótti að hverju stefndi um samstarf við Union Carbide, voru teknar upp viðræður við norska hlutafélagið Elkem-Spigerverket a/s um aðild að iðjuverinu. Var fyrsti fundur iðnaðarráðherra með fulltrúum norska félagsins hinn 27. apríl sl., og hafa umfangsmiklar viðræður síðan átt sér stað. Hafa þær nú leitt til samninga, sem af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis á frumvarpi því, sem hér er lagt fram.

Með frumvarpinu er lagt til, að lög nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði verði lögfest að nýju með nokkrum breytingum, sem til eru komnar vegna hinna fyrirhuguðu skipta á samstarfsaðila um fyrirtækið (sbr. 1. gr., 2. gr., 1. mgr. 6 gr. og 8. gr. frv.), auk minniháttar orðalagsbreytinga á öðrum stöðum. Er hér yfirleitt ekki um eiginlegar efnisbreytingar að ræða á viðkomandi ákvæðum, enda gerðu lögin að sinu leyti ráð fyrir þeim möguleika, að til samstarfs gæti komið við annan aðila en Union Carbide.

Jafnframt þessum breytingum er ráðgert að auka við löginn nokkrum ákvæðum um fjármál fyrirtækisins (sbr. 6.—7. tölul. 3. gr. og 3. mgr. 6. gr. frv.) og meðhöndlun þess varðandi tolla og aðra óbcina skatta (sbr. 9. gr. frv.). Á málefni þau, sem þar greinir, hefði einnig reynt í áframhaldandi samvinnu við Union Carbide, þannig að ætla má, að þau hefðu þá einnig komið til kasta Alþingis í einhverri mynd. Er hér því ekki heldur um eiginlegar breytingar að tefla, þótt ákvæðin séu nýmæli.

Ráðgert er að skipa samstarfinu við Elkem-Spigerverket á grundvelli aðalsamnings milli ríkisstjórnarinnar og félagsins, er lagður er fram sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Verður hann málefnsamningur aðilanna sem hluthafa í Íslenska járnblendifélaginu h. f. á svipaðan hátt og var um aðalsamning ríkisstjórnarinnar við Union Carbide. Að efni til er samningurinn byggður á lögum nr. 10/1975, svo langt sem þau ná, en jafnframt er kveðið á um það skýrum stöfum, að hann öðlist ekki gildi nema að fengnu samþykki Alþingis við þeim breytingum á lögnum, sem felast í frumvarpi þessu, sbr. 1. og 2. mgr. 23. gr. samningsins. Þykir rétt að leita þessa samþykkis með því að bera löginn upp að nýju í heild eins og hér er gert.

Sem ráða má af framanrituðu er hinni fyrirhuguðu járnblendiverksmiðju ekki ætlað að taka neinum verulegum breytingum við þau skipti á samstarfsaðila, sem nú eru ráðgerð, að öðru leyti en því, sem óhjákvæmilega leiðir af aðilaskiptunum sem slíkum. Stefnumiðin varðandi viðfangsefni fyrirtækisins, eignarhlutdeild, tækni-mál, rafmagnsöflun, umhverfismál, réttarstöðu og aðra höfuðþætti verða í meginatriðum hin sömu og ráðgert var í öndverðu. Gildir þetta einnig um markaðsmál fyrirtækisins, þótt aðilaskiptin varði væntanlega mestu á því sviði. Í heild er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að leita samninga við Elkem-Spigerverket á því byggð, að fyrirtækinu og hinum íslensku hagsmunum, sem því eru tengdir, sé ekki síður borgið í samstarfi við þann aðila en verið hefði í óslitinni samvinnu við Union Carbide. Við undirbúning samninga við hið norska fyrirtæki hefur að verulegu leyti verið unnt að styðjast við þau fordæmi, sem á voru komin í fyrri samningum, og jafnframt hefur reynt mögulegt að ná fullu samkomulagi við hinn fyrri samstarfsaðila um viðunandi uppgjör á þeim samningum, sem geri kleift að brúa bilið yfir í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

Hér á eftir fylgir greinargerð um þróun mála frá stofnun Íslenska járnblendifélagsins h. f. og aðdraganda þeirra samninga, sem nú liggja fyrir við Elkem-Spigerverket, ásamt athugasemdum um helstu þætti samninganna og um einstakar greinar frumvarpsins. Jafnframt fylgja greinargerðinni eftirtalin skjöl, sem prentuð eru þar á eftir:

- I. Greinargerð um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, dags. 18. nóv. 1976, frá Íslenska járnblendifélaginu h. f.
- II. Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar og Elkem-Spigerverket, dags. 8. des. 1976, á íslensku.



## AÐDRAGANDI MÁLSINS

Í athugasemdum og skýrslum með frv. til laga nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var gerð ítarleg grein fyrir fyrirtæki þessu og þeim undirbúningi, sem það hafði sætt á því stigi. Jafnframt var gerð grein fyrir þeim möguleikum, sem það byggir yfir til hagkvæmrar nýtingar á orkulindum landsins og jákvæðra áhrifa á þjóðarbúskapinn, og eru þær forsendur óbreyttar. Hér verður skýrt stuttlega frá þróun mála eftir samþykkt þeirra laga og gerð samninga við Union Carbide Corporation ásamt aðdraganda að samningum við Elkem-Spigerverket a/s.

Eftir staðfestingu laga nr. 10/1975 var þegar hafist handa um stofnun Íslenska járnblendifélagsins h. f. og frágang samninga við Union Carbide í samræmi við drög þau að aðalsamningi, sem legið höfðu frammi á Alþingi. Var samningurinn (ásamt samningi um framsal tæknikunnáttu og um tækniaðstoð) undirritaður hinn 28. apríl 1975 og félagið stofnað sama dag.

Rafmagnssamningur við Landsvirkjun var undirritaður nokkru síðar, hinn 28. maí 1975, eftir að stjórn Landsvirkjunar hafði fjallað um hann. Hins vegar var því frestað um sinn að undirrita hinn fyrirhugaða umboðssölusamning við dótturfélag Union Carbide, sem lá fyrir í endanlegum drögum. Var það gert með tilliti til þess, að sá möguleiki var kominn til umræðu á milli aðilanna, að Union Carbide tæki að sér að ábyrgjast einhverja lágmarkssölu á kísiljárni frá Járnblendifélaginu, í því skyni að auðvelda félaginu lánlökur til byggingar á verksmiðju sinni. Töldu fulltrúar Union Carbide ekki útilokað, að fyrirtækið gæti tekið á sig slíka skuldbindingu að óbreyttum sölulaunum, ef hún væri ekki þeim mun meira íþyngjandi. Þetta fyrirheit var þó ekki bindandi að svo stöddu, þar sem Union Carbide hafði ekki áður léð máls á því að ábyrgjast tiltekinn árangur af sölustarfsemi sinni, heldur aðeins að stunda hana af fyllstu atorku.

Við stofnun Járnblendifélagsins voru eftirtaldir menn kjörnir í stjórn þess af hálfu ríkisstjórnarinnar, ásamt þremur fulltrúum frá samstarfsaðilanum:

Dr. Gunnar Sigurðsson, verkfr., Garðabæ, stjórnarformaður.

Eggert G. Þorsteinsson, alþm., Reykjavík.

Dr. Guðmundur Guðmundsson, framkv.stj., Akranesi.

Jósef H. Þorgeirsson, lögfr., Akranesi.

Viðskiptalegur framkvæmdastjóri félagsins var ráðinn Ásgeir Magnússon, lögfræðingur, en Union Carbide lagði því til tæknilegan framkvæmdastjóra, verkfræðinginn Cato Eide frá Noregi. Jafnframt voru ráðnir þangað verkfræðingarnir Guðlaugur Hjörleifsson og Jón Steingrímsson, svo og John Fenger, viðskiptafræðingur. Hafa hinir síðastnefndu starfað hjá fyrirtækinu síðan, en Ásgeir Magnússon andaðist óvænt fyrir aldur fram á s. l. hausti.

Félagið tók þegar til starfa við undirbúning að fullnaðarhönnun járnblendiverksmiðjunnar og framkvæmdum við byggingu hennar, og höfðu stofnendurnir þegar lagt drög að því, að þetta gæti gengið sem greiðast. Var fljótlega gengið frá samningi við verkfræðilega ráðunauta, erlenda og innlenda, og verkiaka við jarðvinnu. Einnig voru undirritaðir samningar um kaup á bræðsluofnum frá fyrirtækinu Tagliaferrí á Ítalíu. Lögðu stofnendurnir félaginu til fjármagn með fyrstu innborgunum hlutafjár í samræmi við stofnsamning.

Stofnhlutafé félagsins hafði verið ákveðið sem jafnvirði 24 millj. bandaríkjadala, og svaraði það sem næst  $\frac{1}{3}$  hluta af stofnkostnaði verksmiðjunnar eins og hann var áætlaður veturinn 1974–75. Í samningum aðilanna hafði það ekki verið fastmælum bundið, hvernig staðið yrði að úlvegum lánsfjár til verksmiðjubyggingarinnar, en þeir höfðu selt sér það stefnumið í viðræðum sínum, að þess yrði aflað með erlendum lánum, sem Járnblendifélagið tæki án heinnar ábyrgðar frá hluthöfunum, eftir því sem unnt væri. Hafði hvorugur skuldbundið sig fyrirfram til að

veita slíkar ábyrgðir. Samkomulag var og um það að leita til bankans Manufacturers Hanover Trust Company í New York um forgöngu við lánsútveguna, en hann hefur átt viðtæk viðskipti bæði við Íslendinga og Union Carbide.

Í viðræðum við bankann sumarið 1975 kom fljótlega í ljós, að erfitt yrði um vik að ná samningum um stofnlánin eins og aðstæður voru þá orðnar á lánamörkuðum, án þess að einhvers konar tryggingarskuldbindinga yrði krafist af eignaraðilum. Var leitað að hagkvæmri leið til að mæta þessum kröfum lánastofnana og fundinn grundvöllur, sem ríkisstjórnin taldi sig geta samþykkt fyrir sitt leyti, ef Union Carbide tæki á sig þá auknu ábyrgð á sölu málmis frá verksmiðjunni, sem áður var á minnst. Hins vegar töldu fulltrúar og lögfræðingar Union Carbide nokkurn vafa á því, að fyrirtækið gæti fallist á sjónarmið bankans varðandi þennan grundvöll, miðað við þau stefnumörk, sem fyrirtækið þyrfti að fylgja í lánamálum almennt.

Samhliða umræðum um fjármögnun verksmiðjunnar var unnið að gerð endanlegrar áætlunar um stofnkostnað verksmiðjunnar í samvinnu við verkfræðinga þá, sem störfuðu að hönnun hennar, svo og að endurskoðun á hagkvæmnisáætlun fyrir verksmiðjuna.

Í október 1975 var gert hlé á viðræðum um lánsfjármálin, jafnframt því sem fulltrúar Union Carbide létu í ljós um þær mundir verulegar áhyggjur yfir framvindumöguleikum fyrirtækisins í nánustu framtíð. Á árinu 1975 var verulegur samdráttur á markaði fyrir kísiljárn, og töldu fulltrúarnir hugsanlegt, að vöxtur eftirspurnar yrði hægar en fyrr hafði verið áætlað, jafnframt því sem fjölgun eða endurnýjun kísiljárnverksmiðja gæti orðið meiri næstu árin en fyrri kannanir hefðu bent til. Einnig töldu þeir líkur á hækkandi byggingarkostnaði. Með hliðsjón af þessu var tekin um það sameiginleg ákvörðun á stjórnarfundi í Járblendifélaginu í nóvember 1975 að takmarka frekari fjárskuldbindingar félagsins þar til búið væri að endurskoða áællanir um stofn- og reksturskostnað félagsins og gera nýja markaðsathugun. Var og ákveðið að fresta framkvæmdum við bygginguna að svo stöddu og neyta heimilda til þess í gerðum verksamningum.

Snemma árs 1976 lágu fyrir ýmsar niðurstöður af þeim athugunum, sem stjórnin hafði ákveðið, og töldu fulltrúar Union Carbide þær staðfesta áhyggjur sínar fremur en hitt. Kváðust þeir reiðubúnir til að standa við allar skuldbindingar sínar samkvæmt gerðum samningum, en hins vegar væri útlit fyrir, að ekki mundi takast að koma verksmiðjunni upp án frekari skuldbindinga af hálfu þeggjja aðila. Teldu þeir vafasamt að ganga til slíks vegna þess, að líkur væru til lakari afkomu fyrirtækisins en við hefði verið búið, og kæmi allt eins til greina að leggja það á hilluna að svo stöddu.

Í framhaldi af þessu áttu sér stað ítarlegar viðræður við Union Carbide um framvindu málsins, ásamt frekari könnun á ýmsum atriðum varðandi afkomu- horfur fyrirtækisins. Jafnframt ákváðu aðilarnir að kanna, hvort hægt væri að nálgast lausn á málinu frá öðrum hliðum, þ.e. með það í huga að fá aðra samstarfsaðila að verksmiðjunni í stað Union Carbide eða í samvinnu við ríkisstjórnina og Union Carbide. M.a. fóru framkvæmdastjóri Járblendifélagsins og skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytisins til Noregs í þessu skyni og ræddu þar við ráðuneytisstjóra norska iðnaðarráðuneytisins og fulltrúa Elkem-Spigerverket, en þeir eru stærstir meðal norskra kísiljárnframleiðenda, sem hafa öflugustu aðstöðuna á markaðnum í Evrópu. Virtust þessir aðilar langt frá því að vera svartsýnir á framtíðarhorfur kísiljárnframleiðslu, þrátt fyrir tímabundna erfiðleika. Þá var einnig gerð markaðsathugun hjá sérfræðingum Metal Bulletin í London, sem gaf tiltölulega jákvæða mynd af markaðshorfum.

Viðræður þessar leiddu endanlega til þess, að Union Carbide bar fram ósk um að hverfa frá samstarfinu um járnblendiverksmiðjuna. Í júnímánuði 1976 náðist fullt samkomulag milli fulltrúa þess og ríkisstjórnarinnar um að fara þá leið, og var það staðfest með samningi hinn 9. júlí 1976. Með honum gekk Union Carbide

úr Íslenska járnblendifélaginu og var leyst undan öllum skuldbindingum varðandi fyrirtæki þess. Jafnframt greiddi Union Carbide verulega fjárhæð til Járnblendifélagsins. Var uppgjörið við það miðað, að ríkissjóður gæti farið skaðlaus frá því, sem í hefði gerst um undirbúning fyrirtækisins, svo og Landsvirkjun að sínu leyti.

### ELKEM-SPIGERVERKET A/S

Vorið 1976 voru, sem fyrr segir, hafnar viðræður við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket a/s um þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu hf. Hafa viðræður og athuganir staðið yfir síðan og leitt til þeirrar samningsgerðar, sem lýst er í greinargerð þessari.

Elkem-Spigerverket var stofnað árið 1972 með samruna tveggja fyrirtækja, Christiania Spigerverk og Elkem a/s. Christiania Spigerverk var stofnað 1853, en Elkem a/s 1904. Hlutfé í Elkem-Spigerverket er að nafnverði 195 millj. norskra króna og skiptist í 3 900 000 50 króna bréf, en miðað við 1. janúar 1976 voru hluthafar 15 019 talsins. Eru hlutabréfin skráð hjá kauphöllinni í Oslo.

Hlutfjáreign í félaginu er tiltölulega dreifð, og hluthafar nær allir norskir að þjóðerni. Eru einungis um það bil 9% hlutfjárins í eigu annars konar aðila, þ. e. úllendinga og erlendra félaga, eða fyrirtækja, sem skrásett eru í Noregi, en eru að hluta í eigu úllendinga. Eru flestir þessir aðilar af síðastnefnda taginu.

Samkvæmt samþykktum Elkem-Spigerverket gilda og þær almennu hömlur varðandi eigendaskipti að hlutabréfum í félaginu, að framsal á hlutabréfum þurfi að hljóta samþykki félagsstjórnar til að vera gilt gagnvart félaginu. Geti stjórnin synjað um samþykki í einstökum tilvikum, ef hún telji framsalið andstætt hagsmunum félagsins.

Allir stjórnarmenn félagsins eru norskir ríkishógarar. Eru þeir nú 7 að tölu, og eru 2 þeirra kjörnir af starfsmönnum félagsins. Í félaginu starfar jafnframt fulltrúaráð, sem fjallar um meiriháttar ljárfestingar og ýmis önnur mál í samræmi við hlutafélagalög í Noregi. Eru fulltrúar þar nú 30 talsins, þar af 10 kjörnir af starfsmönnum.

Fyrirtækið skiptist í 6 aðaldeildir og nam heildarsala þess árið 1975 2 462 millj. norskra króna, sem skiptist þannig í grófum dráttum milli deilda:

Járnblendi .....	n. kr. 867 millj.
Stál og járn .....	— 649 —
Ýmsar neytendavörur, eins og verkfæri, lásar og skyldar járnvörur, einangrunarefni og trefjagler-vörur .....	— 328 —
Ál .....	— 280 —
Verkfræðideild .....	— 216 —
Námugróftur .....	— 122 —

Auk þess á félagið nokkurn hlut að starfsemi á sviði olíuðnaðar. Er það einn af eigendum Saga Petroleum a/s & Co og Norwegian Oil Consortium a/s & Co. Mest af starfsemi félagsins fer fram í Noregi, en erlendis rekur félagið eða á hluta í ýmsum verkmiðjum, einkum á sviði ál- og stáliðnaðar. Eru flest fyrirtækin staðsett í Evrópu.

Fjöldi starfsmanna félagsins er u.þ.b. 8 500 manns, sem starfa á rúmlega 30 framleiðslustöðvum í Noregi og erlendis. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er í Oslo.

Á undanförunum árum hefur félagið selt framleiðslu sína á kísiljárn í félagi við fjóra aðra norska kísiljárnframleiðendur, sem reka með því sölusamlagið A/S

Fesil & Co. Aðrar tegundir járnbendis selur félagið sjálf, og rekur um þessar mundir söluskrifstofar í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Framleiðslan er seld um allan heim, m. a. til Bandaríkjanna og Japan.

Rétt er að geta þess, að Elkem-Spigerverket hefur áður haft samband við íslensk stjórnvöld varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi. Þannig tóku fulltrúar þess upp viðræður við Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað á árinu 1971 um byggingu á ferromanganverksmiðju í Hvallfirði, er nýta mundi raforku frá Sigöldu. Ekki varð af samningum um samstarf að því sinni, þar sem íslendingar völdu að stefna að framleiðslu á kísiljárn. Eru báðir aðilar raunar sammála um, að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma, þar sem starfræksla á kísiljárnverksmiðju henti betur aðstæðum hér á landi eins og nú standa sakir.

## HELSTU ATRÍÐI VIÐRÆÐNA OG SAMNINGA

### 1. Viðræður.

Viðræður við Elkem-Spigerverket frá því á s. l. vori hafa farið fram á vegum Iðnaðarráðuneytisins og íslenska járnblandifélagsins hf. og verið í höndum iðnaðar- raðherra og samninganeindar, sem hann kvaddi til þess starfa. Í nefndinni hafa starfað þeir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, alþingismennirnir Ingólfur Jónsson og Steingrímur Hermannsson, Arni Þ. Arnason, skrifstofustjóri, Gunnar Sigurðsson, verkfræðingur, Ásgeir Magnússon, framkvæmdastjóri, Garðar Ingvarsson, hagfræðingur og Hjörtur Torfason, hrl. Jafnframt hafa starfsmenn Járnblendifélagsins aðstoðað við gerð samninganna, og af hálfu Landsvirkjunar tóku þátt í þeim Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri og Jóhann Már Mariusson, verkfræðingur.

Af hálfu Elkem-Spigerverket hafa fulltrúar frá járnblendideild félagsins aðallega starfað að gerð samninganna, þeir Rolf Nordheim, framkvæmdastjóri deildarinnar, Gunnar Sem, J.K.L. Andersen og Frederik Schatvet, en auk þess hafa fulltrúar verkfræðideildar og byggingardeildar félagsins tekið þátt í viðræðum um þá hluta tæknisamningsins, sem snerta þessar deildir. Með þeim hefur starfað Jan P. Romsaas, lögfræðingur hjá félaginu.

Jafnhliða samningsviðræðum aðilanna hefur verið unnið að athugunum og samningum um útvegum stofnlána til byggingar járnblendiverksmiðjunnar. Hefur að undanfögnu verið stefnt að því, að fá byggingarlán til langs tíma frá Norræna fjárfestingarbankanum, sem stofnaður var á s. l. vori, eða jafngóð lán hjá öðrum lána- stofnunum. Lagði Járnblendifélagið inn lánsúmsókn hjá bankanum í byrjun ágúst- mánaðar. Niðurstöður af viðræðum við bankastjórana liggja nú fyrir, og standa vonir til að þær verði samþykktar í stjórn bankans á desemberfundi hennar. Samkvæmt þeim mun bankinn veita Járnblendifélaginu lán í ýmsum myntum að fjárhæð sem svarar 200 millj. norskra króna, gegn veði í verksmiðjunni. Nemur það sem næst 40% af áælluðum stofnkostnaði fyrirtækisins. Fyrir láni þessu og öðrum fyrirhuguðum lántökum er gerð grein í kaflanum um fjármögnun í fylgiskjali I hér að neðan, svo og í aths. um 3. gr. og 6. gr. frv. Vonir standa til, að önnur lán til verksmiðjubyggingarinnar geti einnig orðið án ábyrgðar af hálfu hluthafanna, svo sem að hefur verið stefnt frá öndverðu.

Auk þessa hafa heilbrigðisyfirvöld unnið að gerð þeirra skilmála um mengunar- varnir og varúðarráðstafanir, sem sett verði í starfsleyfi járnblendiverksmiðjunnar. Er við það miðað, að þeir liggja fyrir áður en samningar taka gildi. Lögð hafa verið drög að nýjum áætlunum um byggingu verksmiðjunnar og rekstur, svo sem fram kemur á fylgiskjali I, og öðrum undirbúningi þess, að framkvæmdir við verksmiðju- na geti farið á stað aftur með sem minnstum töfum.

## 2. Almeunt um samningana.

Samningar við Elkem-Spigerverket (ES) eru við það miðaðir, að félagið gangi til þátttöku í Íslenska járnblendifélaginu hf. ásamt ríkisstjórninni, í stað Union Carbide Corporation. Verða samningarnir að flestu leyti með svipuðu sniði og fyrri samningar við UCC, og samstarfsgrundvöllurinn í meginatriðum sambærilegur við það, sem ráðgert var við upphaflega afgreiðslu málsins á Alþingi.

Samningar þeir, sem samstarfið við ES og starfræksla járnblendiverksmiðjunnar munu byggjast á, verða aðallega þessir:

- a) Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar og ES, þar sem kveðið er á um helstu atriðin í samvinnu aðilanna. Jafnframt honum verði gerðar viðeigandi breytingar á samþykktum Járnblendifélagsins.
- b) Tæknisamningur milli ES og Járnblendifélagsins.
- c) Sölusamningur við ES um markaðsaðstöðu Járnblendifélagsins.
- d) Rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, er gerður var 28. maí 1975, mun gilda áfram með nokkrum breytingum.

Jafnframt koma til samningar um lóðarleigu og hafnarafnot að Grundartanga.

Varðandi tæknisamning er þess að geta, að þátttaka ES varðandi tæknilið fyrirtækisins verður að því leyti ríkari en vera átti hjá UCC, að verkfræðideild ES mun sjá um smíði bræðsluofna og fylgibúnaðar þeirra handa verksmiðjunni. Hefur ES verið einn helsti framleiðandi járnblendiofna um langan aldur og staðið fyrir byggingu á yfir 300 rafbræðsluofnum víðsvegar um heim. Einnig mun byggingardeild ES sjálf hafa umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar, í samvinnu við Járnblendifélagið og innlenda verkfræðinga þess, en þá þjónustu átti áður að kaupa að mestu frá þriðja aðila (Ralph M. Parsons Ltd.). Að öðru leyti er um sambærilegan samning að ræða, sbr. neðanritað.

Varðandi sölusamning er og vert að benda á, að hann er að undirstöðu til byggður á jafnréttisaðstöðu milli verksmiðju Járnblendifélagsins og eigin verksmiðja ES í Noregi, sem stunda útflutning á Eyrópumarkað og aðra markaði. Hefur með þessu verið mögulegt að koma á viðameiri samningsgerð um markaðsmál Járnblendifélagsins, sem felur í sér meiri tryggingu fyrir árangursríkri sölu á framleiðslu þess en um var að ræða í fyrirhuguðum umboðssölusamningi við UCC, en samningar um ábyrgð á sölu af hálfu þess aðila höfðu ekki komist á. er samvinnan féll niður. Jafnframt er það veigamikilið atriði, að Járnblendifélagið mun nú geta selt á Bandaríkjamarkað, en það var ekki ráðgert áður.

## 3. Um eignarhlutdeild.

Ráðgert er, að ES eignist 45% hlutfjár í Járnblendifélaginu, en íslenska ríkið 55%. Eru þetta sömu hlutföll og um var að ræða í samstarfinu við UCC, og í samræmi við 2. gr. gildandi laga.

Um þetta atriði er nánar fjallað í 2. og 4. gr. aðalsamnings. Svo sem þar kemur fram (7. málsg. 2. gr.) mun ES verða bundið um að selja ekki hlut sinn í Járnblendifélaginu tiltekina tíma, en það óskar eins og UCC að hafa fyrirvara þess efnis, að geta farið fram á að ríkið kaupi hlut sinn eftir þann tíma, ef svo ber undir. Lágmarkstíminn, sem ES er bundið, er ákveðinn með hliðsjón af gildistíma samninganna og telst frá upphafi starfrækslu járnblendiverksmiðjunnar. Verður tíminn þannig lengri en vera átti hjá UCC, þ.e. 17 ár í stað 15 áður. Gagnkvæmur forkaupsréttur mun gilda um hlutabréf aðilanna.

Hlutfé Járnblendifélagsins verður óbreytt frá stofnunarinnu vorið 1975, þ.e. jafnvirði 24 millj. bandaríkjadollara. Vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnað og nokkurs gengissigs á bandaríkjadollar er hlutdeild þessa hlutfjár í heildarfjárfestingu

unni orðin nokkru lægri en upphaflega var við miðað ( $\frac{1}{3}$ ). Aðilar hafa þó ekki uppi áform um að hækka hlutféð, en hafa rætt um að útvega félaginu fé í formi hluthafalána, er verði víkjandi gagnvart stofnlánum frá öðrum aðilum og treysti þannig lántökuaðstöðu félagsins (sbr. aths. um 3. gr. frv.). Hugmyndir af þessu tagi voru einnig til umræðu haustið 1975 í samvinnunni við UCC.

Ríkisstjórnin hefur þegar greitt inn 26% af umsömdu hlutfé sínu, og mun ES greiða samsvarandi hluta af framlagi sínu í beinu framhaldi af gerð samninga (4. gr. aðalsamnings). Verða þau hlutabréf, sem þar er um að ræða, reiknuð á fullu nafnverði gagnvart ES, og felst í því viðurkenning á skaðleysi ríkissjóðs af aðilaskiptunum í félaginu. Hluthafarnir munu síðan greiða afganginn af framlögum sínum jafnhliða á árunum 1977—79.

Um fjármögnun með lánsfé eru nú ítarlegri ákvæði en áður voru í aðalsamningi, sbr. 5. gr. hans. Jafnframt þeim er gert ráð fyrir, að hluthafarnir geri samning við Járblendifélagið, er tryggji aðstöðu þess til að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að umsaminni stærð, sbr. aths. við 3. málsg. 6. gr. frv. Er þeim samningi ætlað að treysta grundvöllinn undir töku stofnlána félagsins frá þriðja aðila.

#### 4. Um tæknisamning.

Ráðgert er, að ES framselji Járblendifélaginu í byrjun tæknikunnáttu á samskonar grundvelli og UCC og fái fyrir það sömu þóknun í hlutabréfum, þ. e. jafnvirði 3.2 millj. dollara.

Jafnframt mun ES veita félaginu samfellda tækniþjónustu við verksmiðjureksturinn á svipuðum grundvelli og UCC og fá fyrir það sömu þóknun, þ. e. sem svarar 3% af andvirði seldrar framleiðslu. Gildistími samningsins um þessa aðstoð er óbreyttur, þ. e. 15 ár frá því að starfræksla hefst. Meðal annars mun ES leggja félaginu til tæknilegan framkvæmdastjóra við verksmiðjuna fyrstu árin, svo sem áður var ráðgert.

Samkvæmt tæknisamningnum mun ES selja Járblendifélaginu bræðsluofna verksmiðjunnar ásamt fylgibúnaði, sem fyrr getur. Samið hefur verið um verð fyrir þennan búnað, og er það fyllilega sambærilegt við áætlað og samningsbundið verð samkvæmt kostnaðaráætlunum UCC og R.M. Parsons.

ES mun láta í té verkfræðiaðstoð við umsjón með hönnun og byggingu verksmiðjunnar, og verður hún greidd eftir venjulegum tímatöxtum fyrir slíka þjónustu. Innendum verkfræðistofum verður hins vegar falið að annast vinnu við hönnun og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar að eins miklu leyti og frekast er kostur.

#### 5. Um sölusamning.

Samkvæmt fyrri samningum áttu dótturfélag UCC að vera umboðsmenn um sölu á framleiðslu Járblendifélagsins og fá fyrir það umboðslaun frá 3%—5% eftir árlegu magni, þ. e. að meðaltali 3.9% miðað við 47 000 tonna árssölu (skv. áætlunum veturinn 1973—75), en 4.02% miðað við 50 000 tonna árssölu, sem nú er ráðgerð. Ábyrgð var ekki tekin á sölumagni, en rætt var um að UCC tæki hana að einhverju marki í sambandi við tryggingu lána.

Í stað þess er nú fyrirhugað, að salan fari fram fyrir milligöngu ES á sama grundvelli og ES selur eigin framleiðslu sína á kísiljárn. Að undanfögnu hefur A/S Fesil & Co annast þessa sölu, en ES hefur einnig aðstöðu til að annast hana sjálft að öllu leyti, ef því er að skipta. Fesil er rekið sem sölusamlag fyrir kísiljárn einvörðungu, á kostnaðargrundvelli. Er það öflugasti aðilinn á kísiljárnsmarkaðnum í Evrópu, og raunar stærsti kísiljárnsútflytjandi í heimi, en árleg sala á þess vegum er nú um 275 000 tonn. Af meðlimum Fesil á ES stærstan hlut í veltunni, og er hlutdeild þess nú um 45% af heildarmagninu.

Sölugrundvellingnum er nánar lýst í 12. gr. aðalsamnings, og er þar kveðið svo á, að við sölu frá Járnblendifélaginu skuli nota sama sölukerfi og viðhaft er við sölu á kísiljárnsframleiðslu ES á hverjum tíma. Verður þannig valkvæmt, hvort eigin söluskrifstofur ES verði látnar standa fyrir sölunni eða hún falin í hendur Fesil eða öðrum sölufyrirtækjum, sem rekin eru á kostnaðargrundvelli eingöngu. Jafnframt verður byggt á því í fyrsta lagi, að Járnblendifélagið fái ávallt sama nettó fobverð fyrir framleiðslu sína og eigin verksmiðjur ES, miðað við sama gæðaflokk af kísiljárni. Þó verður tekið tillit til hugsanlegs mismunar á flutningskostnaði frá Íslandi og Noregi, en að öðru leyti verður framkvæmd verðjöfnun á flutnings- og sölukostnaði milli aðilanna.

Í öðru lagi verður kveðið svo á, að verksmiðja Járnblendifélagsins fái ávallt sömu söluumsetningu og um er að ræða hjá verksmiðjum ES á hverjum tíma, þannig að ekki verði dregið úr framleiðslu hér nema í sama hlutfalli og hjá þeim, ef um sölutregðu verður að ræða á markaðnum. Samanburðargrundvöllurinn verður miðaður við árlega afkastagetu verksmiðjanna (2. og 3. mgr. 12. gr.). Auk þessa mun ES ábyrgjast tiltekna lágmarkssölu héðan fyrstu árin (20 þús. tonn á ársgrundvelli fyrir einn ofn, en 35 þús. tonn fyrir tvo ofna), fram til 1. júlí 1982 (4. mgr. 12. gr.).

Í sambandi við söluaðstoð þessa mun íslenska verksmiðjan greiða hlutdeild sína í sölukostnaði, sem jafnað verði niður á allar verksmiðjurnar, að viðbættu jöfnunargjaldi til ES, er verði norskar kr. 40.00 pr. selt tonn (það samsvarar 1.2% af áætluðu byrjunarsöluverði frá verksmiðjunni, en mun fara hlutfallslega lækkandi er fram í sækir). — Sölukostnaður Fesil miðað við árið 1975 var 2.85% af söluverði, að því leyti sem um hreina sölubóknun var að ræða. Miðað við það yrði heildarsölukostnaður verksmiðjunnar allskostar sambærilegur við umboðslaunin, sem greiða átti UCC, og er þá ekki tekið tillit til þess aukna öryggis um verð og sölumagn, sem kveðið er á um í samningnum við ES.

Gildistími sölusamnings verður hinn sami og gildistími rafmagnssamnings, þ. e. 20 ár frá því að starfræksla hefst. Sölusamningurinn fellur þó úr gildi, ef ES afsalar eignarhlut sínum í Járnblendifélaginu eftir að lágmarkstími eignarhalds er liðinn, þ. e. 15 ár frá byrjun starfrækslu. Gert er ráð fyrir viðræðum um það innan þeirra 15 ára, hvort framlenging á sölusamningnum komi til álita.

## 6. Orkusala.

Miðað er við, að orkusala Landsvirkjunar til Járnblendifélagsins og skipti milli forgangs- og afgangsortku verði söm að umfangi og vera átti samkvæmt rafmagnssamningi þeim, er gerður var milli aðilanna á liðnu ári. Líkur eru þó til, að salan verði heldur meiri í reynd fremur en hitt. Hins vegar verður óhjákvæmilega nokkur seinkun á byrjun rafmagnsaflhendingar til verksmiðjunnar vegna þeirrar frestunar, sem orðin er á byggingarframkvæmdum við hana. Er nú miðað við, að fyrri bræðsluofninn geti tekið við rafmagn í árslok 1978 eða ársbyrjun 1979, þ. e. sem næst ári síðar en ráðgert var við stofnun Járnblendifélagsins. Síðari ofninn verði síðan tilbúinn á tímabilinu júlí 1979—sept. 1980, samkvæmt nánari ákvörðun síðar. Þetta bil milli gangsetningar ofnanna er talið æskilegt af tæknilegum ástæðum, þannig að taka megi tillit til reyngslu af fyrri ofninum um gerð hins síðari, en verður jafnframt heppilegt frá markaðssjónarmiði. Samið hefur verið við Landsvirkjun um hætur fyrir það tjón, sem búast má við vegna þessarar breytingar á samningnum.

Að því er varðar rafmagnsverð til verksmiðjunnar er nú ráð fyrir því gert, að upphaflegt orkuverð í bandaríkjamillum á kWst (5.0–6.2 mill fyrir fyrstu 8 árin) haldist óbreytt sem lágmarksverð, en núverandi verðhækkunarreglur rafmagnssamningsins verði felldar niður og í stað þeirra tekið upp nýtt orkuverð í norskum aurum, er komi til greiðslu þegar í byrjun, og sæti síðan leiðréttingu 5. hvert ár eftir sömu reglum og verð til orkufreks iðnaðar í Noregi eftir samningum gerðum

samkvæmt reglum norsku ríkisrafveitnanna frá 1962 til 1972. Jafnframt fari greiðslur fyrir orku fram í norskum krónum í stað bandaríkjadollara. Orkuverð þetta er 3.5 n. aurar á kWst (samsvarar ca. 6.61 mill), og er sem næst hið sama og taka mun gildi í Noregi skv. áðurgreindum reglum hinn 1. júlí 1977. — Frá og með 1. júlí 1982 mun Járblendifélagið greiða 0.5 n. aura (samsvarar ca. 0.94 mill) til viðbótar þessu verði, en sú viðbót mun ekki sæta verðhækkun á samningstímanum.

Með þessu fyrirkomulagi, sem til er komið vegna óska ES um skýrari reglur varðandi hækkun orkuverðs vegna verðlagsbreytinga, munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölnunni hækka verulega frá núgildandi samningi á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar, en væntanlega verða nokkru lægri á síðustu árum samningstímans. Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar munu heildartekjurnar yfir samningstímann ekki verða lægri en orðið hefði eftir samningnum óbreyttum.

Gildistími rafmagnssamnings verður 20 ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, eins og áður var umsamið. Í samningnum verða og sömu endurskoðunarákvæði og áður, ef til breytinga kemur á meiriháttar forsendum um orkuverð. Loks er gert ráð fyrir því, að aðilar taki upp viðræður um það áður en 15 ár eru liðin af samningstímanum, hvort framlengja skuli samninginn og á hvaða grundvelli.

### 7. Önnur málefni.

Byggt er á því, að fyrirtækið sæli sömu skaltareglum og ráðgert var við setningu laga nr. 10/1975, sbr. aths. um 7.—9. gr. frv. Ákvæði samninganna um íslenska lögsögu og réttarstöðu Járblendifélagsins og samstarfsaðilanna eru og óbreytt. Hið sama gildir efnislega um ákvæði varðandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar, umhverfismál o. fl. Í samræmi við skyldur sínar í umhverfismálum hefur Járblendifélagið endurnýjað umsóku um starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. kallann um þau mál í fylgiskjali I hér að neðan. Er gert ráð fyrir því, að endanleg gildistaka samninganna við ES verði háð því, að starfsleyfisskilyrði gagnvart Járblendifélaginu liggja fyrir í meginatriðum, þannig að ljóst megi vera á báða bóga, að hverju félagið eigi að ganga í þeim efnum.

Um gildistöku samninganna eru annars ákvæði í 1. og 2. mgr. 23. gr. aðalsamningsins. Sem sjá má er það aðalskilyrðið, að Alþingi fallist á frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Jafnframt er m. a. miðað við, að gildistakan verði háð því, að viðunandi fyrirheit fái til lánsfé til byggingar verksmiðjunnar. Mun þetta og önnur ákvæði væntanlega girða fyrir, að til samvinnuslita geti komið vegna vanhalda í þeim efnum, sbr. m. a. aths. við 3. málsg. 6. gr. frv. Ætla má, að þetta skilyrði muni rælast til fulls nú á næstunni, sbr. aths. í 1. lið hér að ofan og í kaflanum um ljármógnun á fskj. I.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

#### Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. fyrri laga að öðru en því, að tekið er upp íslenska heitið kísiljárn um framleiðsluvöru hinnar fyrirhuguðu járnblendiverksmiðju, í stað heitsins ferrosílikon. Jafnframt er felld niður hundraðstalan 75% framan af heitinu. Sá flokkur kísiljárns, sem hún gefur til kynna (75% FeSi) verður væntanlega aðalframleiðsluvara verksmiðjunnar, og er ráðgert, að fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar verði hannaður frá því sjónarmiði, sbr. 2. málsg. 7. gr. aðalsamnings. Hins vegar hefur verið talið ástæðulaust að útiloka þann möguleika, að framleiðslan geti einnig beinst að öðrum gæðaflokkum, þ. e. á bilinu 45—95% FeSi, sbr. 11. málsg. 1. gr. samningsins, enda hefði það ekki í för með sér neina meiriháttar breytingu á framleiðsluáðferðum. Er orðalagsbreytingin gerð í samræmi við þetta, og þá nánast um formsatriði að tefla.



## Um 2. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. fyrri laga að öðru en því, að felld er niður í fyrri málslið hin sérstaka tilvísun til Union Carbide Corporation sem fyrirhugaðs samstarfsaðila. Sú tilvísun var ekki tæmandi á sínum tíma, og er að því leyti ekki um efnisbreytingu að ræða.

## Um 3. gr.

Hér eru 1.—5. töluliður samhljóða 3. gr. fyrri laga. Þannig eru ákvæði 1. tölul. um hlutafjárframlag ríkissjóðs óbreytt að efni til. Er miðað við, að hlutafé verksmiðjufélagsins skiptist milli ríkissjóðs og annarra hluthafa í hlutföllunum 55:45 og verðgildi hlutafjárloforðanna verði tengt við bandaríkjadollar, eins og kveðið var á í stofnsamningi félagsins, sbr. nú 4. gr. aðalsamnings.

Að auki er lagt til að bæta við tveimur nýjum töluliðum, er varða fjármögnun fyrirtækisins. Þeim þætti málsins voru ekki gerð skil í fyrri lögum, þar sem fullnaðarathugun á lánsfjáröflun til verksmiðjubyggingarinnar hafði ekki farið fram, er þau voru sett. Að þessu sinni liggur sú athugun fyrir að mestu, þannig að staðan er ljós í höfuðdráttum. Jafnframt hefur sú breyting orðið frá skiptunum við fyrri samstarfsaðila, að samningar um fyrirtækið eiga ekki að taka endanlegt gildi, fyrr en bindandi loforð um tiltekið lánsfjármagn eru fengin, sbr. 5. gr. og 1. málsgr. 23. gr. aðalsamningsins.

Með tilliti til þessa er talið rétt að fjalla um þessa hlið málsins í sjálfum lögum um verksmiðjuna, fremur en í annarri löggjöf. Hins vegar er ekki um nýmæli að ræða að því leyti, að mál þessi hefðu eflaust komið til kasta Alþingis í einhverju forni, ef verksmiðjubyggingunni hefði verið haldið fram óslitið á grundvelli fyrri samninga. Á þetta bæði við um hina nýju töluliði 3. gr. og viðbótarákvæðin í 6. gr. frv.

Með 6. tölul. 3. gr. er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita hlutafélaginu lán í sambandi við byggingu verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að jafnvirði 55% af 44 millj. norskra króna, gegu samsvarandi lánnum frá öðrum hluthöfum. Er miðað við þá mynt sakir þess, að hún er nú notuð við áætlanir um byggingarkostnað félagsins, sbr. fylgiskjal I um verksmiðjuna. Haft er í huga, að lán þessi verði vikjandi gagnvart stofnlánum frá öðrum aðilum, þannig að þau greiðist ekki niður hraðar en svo, að samræmst geli jákvæðri eiginfjárstöðu hjá félaginu.

Lánum þessum er ætlað að treysta möguleika hlutafélagsins til lánsfjáröflunar annars staðar, og má líta á þau sem þátt í þeirri stefnu hluthafanna, að afla aðallána félagsins án ábyrgðar af sinni hálfu. Í því sambandi ber að gæta þess, að hlutdeild stofnahlutafjár félagsins (§ 24 millj.) í heildarkostnaði fyrirtækisins er orðin lægri en vera átti í öndverðu ( $\frac{1}{3}$ ), vegna verðbólguáhrifa á stofnkostnað af völdum seinkunar á byggingaráætlun. Mundu hluthafalánin bæta upp það sem á skortir í þessu efni.

Í 6. tölul. er gert ráð fyrir heimild handa ríkisstjórninni til að breyta umræddum lánnum í hlutafé, ef slíkt þætti hentara þegar fram í sækir. Verður það að teljast eðlilegt, en hins vegar hefur hvorki hún né samstarfsaðilinn nein áform um slíka hækkun hlutafjár í félaginu á þessu stigi málsins.

Með 7. tölul. er lagt til að heimila ríkisstjórninni að fella niður hluta af stimpil- og þinglýsingargjöldum vegna stofnlána hlutafélagsins. Er það m. a. gert með tilliti til þess, að fyrirhugað er að bjóða fram veð í verksmiðjunni til tryggingar aðallánunum. Hefur það í för með sér hærrí gjöld en ella, en leysir jafnframt hluthafana undan hugsanlegum ábyrgðarkröfum á þá sjálfa. Jafnframt er þess að gæta almennt séð, hversu háar fjárhæðir er um að ræða miðað við venjulega fjárfestingu hér á landi, þannig að gjöldin skipta mörgum tugum milljóna, þegar þau eru reiknuð eftir hinum venjulega faxta.

## Um 4. gr.

Samhljóða 4. gr. fyrri laga (með leiðréttingu á tilvísun), enda er þess að gæta að því er 1. málsgr. varðar, að hlutafélagið hefur þegar verið stofnað.

## Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá fyrri lögum.

## Um 6. gr.

Í frv. er 1. málsg. óbreytt frá fyrri lögum, nema hvað orðalagi síðari málsliðar hefur verið breytt með tilliti til þess, að samningar þeir, sem gerðir voru við stofnun hlutafélagsins, hafa verið felldir úr gildi. Er nú rætt um ákveðið lágmarksárabil að því er varðar gildistíma 7.—9. gr.

Ákvæði 2. málsg. um birtingu samninga eru efnislega samhlið þá fyrri lögum, en orðalagi breytt til að gefa skýrar til kynna, að birtingin taki til aðalsamninga við samstarfsaðila, sbr. greinargerð með fyrri lögum.

Með 3. málsg. er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að gera svonefndan lúkningarsamning (completion agreement) við samstarfsaðila sína um gagnkvæmar skuldbindingar til að tryggja, að verksmiðjan komist upp. Í honum felst það að aðalefni til, að aðilarnir takist á hendur fyrirfram að útvega hlutafélaginu það fjármagn, sem á kann að vanta til að ljúka byggingu verksmiðjunnar umfram þau stofnlán, sem um er samið í öndverðu. Er honum þannig ætlað að tryggja, að hluthafarnir geti ekki einhliða hætt við bygginguna. Samningur af þessu tagi er mjög mikilvægur frá sjónarmiði utanaðkomandi lánveitenda, en jafnframt bindur hann samstarfsaðilana hvorn gagnvart öðrum.

Við athugun á lánamörkuðum haustið 1975 í samvinnu við Union Carbide kom skýrt í ljós, að ekki væri unnt að vera án samnings í þessa átt, ef takast ætti að útvega stofnlán til langs tíma án ábyrgða frá hluthöfum, og gildir það sjónarmið enn. Hér er því ekki um nýmæli að ræða, er til sé komið í samvinnunni við Elkem-Spigerverkot. Segja má um ákvæðið, að það gæti eins átt heima með heimildunum í 3. gr. Hins vegar þykir eðlilegt að skipa því hér með tilliti til þess, að það felur fyrst og fremst í sér áréttingu á þeim tilgangi laganna, að verksmiðjunni verði komið upp.

## Um 7. gr.

Greinin fjallar um skattamál hlutafélagsins og er allskostar óbreytt frá fyrri lögum.

Um skattaákvæði laganna er annars rétt að benda á, að þau eru nú tekin upp í aðalsamning ríkisstjórnarinnar og samstarfsaðilans, í samræmi við ráðagerð 6. gr. laganna. Jafnframt er í 2. málsg. 14. gr. aðalsamningsins sett fram nánari skýring á jafnréttisákvæði 2. málsg. 7. gr. laganna, sem talið er vera í samræmi við vilja Alþingis í málinu við meðferð þess á fyrra ári.

## Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um skattamál samstarfsaðila ríkisstjórnarinnar og er efnislega óbreytt frá fyrri lögum, en orðalagi í fyrsta og öðrum inngangsmálslið hefur verið breytt með tilliti til þess, að samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um aðgerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun hefur nú verið gerður og löggiltur, og til aðstöðumunar, sem um er að ræða milli fyrri samstarfsaðila ríkisins og hins norska aðila, sem nú er verið að semja við.

Skv. fyrsta málslið er sem áður byggt á þeirri meginreglu, að skattamál samstarfsaðilanna skuli ráðast af tvísköttunarsamningum milli Íslands og heimaríkja þessara aðila, en þeir samningar jafngilda íslenskum lögum að sínu leyti. Í öðrum málslið er tekið fram til öryggis á sama hátt og áður, að ríkisstjórninni skuli heimilt að heita ákvæðum tiltekinna tvísköttunarsamninga, ef slíkum samningum við heimalöndin er ekki til að dreifa. Í fyrri lögum var einungis rætt um að gripa til tvísköttunarsamningsins við Bandaríkin í þessu sambandi, en skv. frv. verður það valkvætt, hvort beitt er ákvæðum hans eða tvísköttunarsamningsins við Noreg, og er það eðlileg tilhögun. Í sambandi við ákvæði þetta er þess annars að geta, að líkurnar

fyrir að á það reyni eru að því leyti minni en áður, að starfsemi dótturfélaga er ekki jafnrikur þáttur í heildarstarfseminni hjá Elkem-Spigerverket um þessar mundir eins og var hjá Union Carbide.

Jafnframt ofangreindri meginreglu eiga svo að gilda ákvæði 1. og 2. tölul. 8. gr., til nánari staðfestingar um einstök atriði, sem á reynir við gerð tvísköttunarreglna. Skv. frv. verða ákvæði þessi óbreytt frá fyrri lögum. Ákvæðin eru í samræmi við stefnumið gildandi tvísköttunarsamninga við Bandaríkin og Noreg, þó þannig, að regla 1. tölul. um 10% lágmarkshlutdeild í hlutafélagi til að njóta vnrndar gegn sköttun á arði er einungis í bandaríska samningnum, en í hinum norska er lágmarkið 25%. Eðlilegt þykir þó að gefa Elkem-Spigerverket kost á hinu lægra lágmarki á sama hátt og var um Union Carbide, þar sem réttur þess til framsals á hlutabréfum í hendur dótturfélaga kæmi annars að takmörkuðu gagni fyrir félagið.

Sem sjá má af 15. gr. aðsammings við Elkem-Spigerverket er það fyrirhugað, að reglur tvísköttunarsammingsins við Noreg og 1. og 2. tölul. 8. gr. laganna gildi gagnvart félaginu í framangreindum efnunum.

#### Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um tolla og aðra óbæina skatta varðandi járnblendiverksmiðjuna, og er efni hennar í samræmi við það, sem ráðgert var við fyrri lagasetningu og sammingsgerð um fyrirtækið.

Í 1. málsg. eru ákvæði um undanþágu frá aðflutningsgjöldum fyrir fjárfestingarvörur til verksmiðjunnar, og er fyrri málsliður óbreyttur frá fyrri lögum. Síðari málsliðurinn er hins vegar nýmæli, sem kveður á um heimild til ríkisstjórnarinnar til að fella niður aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af innlendum vörum og þjónustu í því skyni að jafna aðstöðumun, sem verða kynni milli íslenskra og erlendra verktaka og þjónustuaðila vegna þessara gjalda í sambandi við byggingarframkvæmdir við verksmiðjuna. Þótti ekki óyggjandi, að unnt væri að byggja slíka heimild á málsgreininni óbreyttri, en hún var samín með hliðsjón af eldri fyrirmyndum í lögum frá þeim tíma, þegar söluskattur var lægri en nú er. Er breyting þessi hin æskilegasta t. d. frá sjónarmiði innlendra verkstæða og vélsmiðja.

Ákvæði 2. málsg. um hráefni verksmiðjunnar og útflutningsvöru eru óbreytt frá eldri lögum, en skv. 3. málsg. er lagt til að bæta við hana því ákvæði, að rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skuli undanþegið söluskatti og öðrum gjöldum í sambandi við sölu og notkun rafmagns, en af slíku er aðeins um að ræða verðjöfnunar-gjald skv. lögum nr. 83/1974 eins og nú standa sakir.

Í samningum og viðræðum um rafmagnsverð og aðra aðstöðu járnblendiverksmiðjunnar hefur ávallt verið gengið út frá því, að rekstrarrafmagn til hennar hefði þá stöðu, sem í ákvæðinu felst. Er þetta hið sama og nú gildir um annan orkufrekan iðnað í landinu, þ. e. gagnvart Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi og álbræðslunni í Straumsvík, enda er rafmagn þessara verksmiðja svo snar þáttur í framleiðslunni, að kalla má það hliðstætt hráefnum þeim, er mynda efnisþætti hinnar fullunnu vöru þeirra. Í fyrri lögum um járnblendiverksmiðjuna voru ekki sett bein ákvæði um þetta atriði, heldur var haft í huga, að aðstaðan yrði tryggð með öðrum hætti, t. d. með ráðuneytisákvörðun að því er söluskatt varðar og með lagafyrirmælum jafnóðum varðandi önnur gjöld. Að athuguðu máli þykir réttara að skera úr um þetta með ákvæði 3. málsg., og felur það ekki í sér efnisbreytingu frá fyrri samningum við Union Carbide.

#### Um 10. gr.

Grein þessi um höfn og verksmiðjulóð er samhljóða fyrri lögum. Í samræmi við þau hefur Hafnarsjóður Grundartangahafnar þegar verið stofnaður á grundvelli hafnarlaga, um haustið 1975, með aðild Akraneskaupstaðar og allra hreppa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Jafnframt hefur ríkissjóður keypt nauðsynlegt jarðnæði og

hafnaraðstöðu við Grundartanga. Er landið alls um 80 ha., þannig að rúm getur þar orðið fyrir frekari starfsemi en járnblendiverksmiðjuna eina.

Um 11. gr.

Grein þessi um umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál verksmiðjunnar er efnislega samhljóða fyrri lögum. Skv. frv. verður orðalag 2. málsg. á þann veg, að ríkisstjórnin ákveði tilhögun umhverfisrannsóknar við verksmiðjuna að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Er þetta í samræmi við þá stjórnarhætti, sem eru á umhverfismálum verksmiðjunnar að öðru leyti skv. gildandi reglum um starfsleyfi og mengunarvarnir. Er ekki ætlunin að breyta þeim kröfum, sem gerðar verði til áreiðanleika rannsóknarinnar, enda hefur tilhögun hennar þegar verið ákveðin í aðalatriðum samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs á grundvelli laganna, sbr. greinargerð um verksmiðjuna hér á eftir.

Um 12. gr.

Öbreytt frá fyrri lögum.

Um 13.—14. gr.

Samsvara sömu ákvæðum fyrri laga og þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal VI.

### Aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket a/s.

SAMNINGUR gerður hinn 8. dag desembermánaðar 1976 milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“)  
og

ELKEM- SPIGERVERKET A/S, sem er norskt hlutafélag og hefur aðalaðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi (hér eftir nefnt „ES“).

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin óskar að koma á fót iðjuveri til framleiðslu á ksiljární á Íslandi, þar sem notað verði rafmagn frá íslenskum orkuverum á grundvelli samnings til langs tíma;

MEÐ ÞVÍ að með lögum nr. 10 26. apríl 1975, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði („heimildarlögunum“), fól Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um stofnun hlutafélags, er hefði að markmiði að reisa og reka slíkt iðjuver, í samvinnu við aðra aðila, er áhuga hefðu á því fyrirtæki, og setti tilteknar reglur og veitti tilteknar heimildir varðandi skipulag og starfsemi hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York ríkis og hefur aðalaðsetur sitt að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjun Norður-Ameríku („Union Carbide“), gerðu með sér aðalsamning hinn 28. apríl 1975 um samvinnu um ofangreint fyrirtæki og stofnuðu sama dag, á grundvelli heimildarlaganna, íslenskt hlutafélag með nafninu Íslenska járnblendifélagið hf., er hefur aðalsetur sitt að Grundartanga í Skilmanna-hreppi í Borgarfjarðarsýslu, en hlutafélag þetta („Járnblendifélagið“) er löglega skrásett í því lögsagnarumdæmi;

MEÐ ÞVÍ að með samningi dags. 9. júlí 1976 hefur Union Carbide gengið úr Járnblendifélaginu og framselt hlutabréf sín í félaginu til ríkisstjórnarinnar, sem hefur afhent þau Járnblendifélaginu til ráðstöfunar, og Union Carbide verið leyst frá öllum skuldbindingum varðandi fyrirtækið;

MEÐ ÞVÍ að ES hefur um hönd framleiðslu á járnblendiefnum í Noregi og selur þá framleiðsluvöru um allan heim, og er í aðstöðu til að láta í té viðtæka tæknikunnáttu og söluaðstoð í þágu Járnblendifélagsins og fyrirhugaðs iðjuvers þess;

MEÐ ÞVÍ að ES er reiðubúið til að gerast aðili að Járnblendifélaginu og vinna að því með ríkisstjórninni að koma upp iðjuveri félagsins, á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið með heimildarlögunum, og eftir því sem á er kveðið í samningi þessum;

GERA ríkisstjórnin og ES (hér á eftir einu nafni nefnd „aðilarnir“) hér með eftirfarandi samning:

I. KAFLI  
INNGANGUR

1. gr.

Orðskýringar.

Eftirtalin orð skulu hafa þá merkingu, sem að neðan greinir, þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

- 1) „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn Íslands.
- 2) „Íslenska ríkið“ merkir lýðveldið Ísland.
- 3) „ES“ merkir Elkem-Spigerverket a/s, sem er norskt hlutafélag, er hefur aðal- aðsetur sitt að Middelthunsgate 27, Osló, Noregi.
- 4) „Dótturfélag ES“ merkir sérhvert hlutafélag, nú eða síðar, þar sem meira en 50% hlutabréfa með venjulegum atkvæðisrétti eru í eigu ES á þeim tíma.
- 5) „Járnblendifélagið“ merkir Íslenska Járnblendifélagið hf., sem er íslenskt hlutafélag, er hefur aðalaðsetur að Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- 6) „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki í sameign íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og hefur aðalaðsetur að Suðurlandsbraut 14, Reykjavík.
- 7) „Fesil“ merkir A/S Fesil & Co., sem er norskt hlutafélag í eigu ES og fjögurra annarra norskra ferrosilikonframleiðenda, er hefur aðalaðsetur að Briskebyveien 48, Osló, Noregi.
- 8) „Union Carbide“ merkir Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York-ríkis og hefur aðalaðsetur að 270 Park Avenue, New York, New York, Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
- 9) „Heimildarlögin“ merkir lög frá Alþingi nr. 10 26. apríl 1975, er heimilað hafa stofnun Járnblendifélagsins, svo sem þau verða samþykkt af Alþingi með þeim breytingum, sem un ræðir í 1. og 2. málgr. 23. gr. samnings þessa.
- 10) „Hluthafarnir“ merkir ríkisstjórnina og ES.
- 11) „Kísiljárn“ merkir 75% kísiljárn og aðrar tegundir af kísiljárn, þar sem kísilinnihald er 95% hið mesta og 45% hið minnsta.
- 12) „Verksmiðjulóðin“ merkir eignarland það, sem leigja ber Járnblendifélaginu við Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, þar sem byggja á iðjuver Járnblendifélagsins.
- 13) „Lóðarleigusamningurinn“ merkir leigusamning þann, sem gera ber um leigu á verksmiðjulóðinni til Járnblendifélagsins.
- 14) „Verksmiðjan“ merkir iðjuver það til framleiðslu á kísiljárn, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, sem Járnblendifélagið mun reisa á verksmiðjulóðinni og við hana, eins og það er að gerð og búnaði á hverjum tíma.
- 15) „Hafnarsamningurinn“ merkir samning þann, er heimili Járnblendifélaginu afnot af aðliggjandi höfn við verksmiðjulóðina.
- 16) „Tæknisamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um (a) afhendingu af hálfu ES á rafbræðsluofni og tilheyrandi búnaði til fyrsta áfanga verksmiðjunnar, ásamt kauprétti á öðrum ofni sömu gerðar og stærðar, (b) framsal af hálfu ES á tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur í sambandi við framleiðslu á kísiljárn, (c) reglubundna tækniástoð af hálfu ES varðandi framleiðslu á kísiljárn, og (d) byggingarstjórnun, er ES leggi til í sambandi við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar í samvinnu við Járnblendifélagið.
- 17) „Sölusamningurinn“ merkir samning þann milli ES og Járnblendifélagsins, sem fjalli um sölu á framleiðsluvörum Járnblendifélagsins.

- 18) „Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn“ merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, er fjalli um breytingu á tilteknum ákvæðum rafmagnssamnings frá 28. maí 1975 milli þessara aðila.
- 19) „Rafmagnssamningurinn“ merkir samning milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins dags. 28. maí 1975, sem fjallar um afhendingu Landsvirkjunar á raforku til reksturs verksmiðjunnar, eins og honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.
- 29) „Fyrsti afhendingardagur rafmagns“ merkir dag þann, sem svo er nefndur í 1. málsg. 5. gr. rafmagnssamningsins og ákvarðaður eins og þar greinir, sem sá dagur, er Járnblendifélagið væntir þess að verða reiðubúið til að taka við rafmagni til reglubundinnar starfrækslu á fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar.

## II. KAFLI JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

### 2. gr.

#### Staða og skipulag félagsins.

- 1) Járnblendifélagið hefur verið löglega stofnað sem íslenskt hlutafélag og skal áfram vera skrásett í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.
- 2) Tilgangur Járnblendifélagsins er að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárn, að vinna að sölu á kísiljárn og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti, sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir.
- 3) Um eignarhald, stofnun, rekstur og stjórn Járnblendifélagsins skal fara að íslenskum lögum, heimildarlögunum, samningi þessum og samningum þeim og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu.
- 4) Stjórn Járnblendifélagsins skal skipuð sjö mönnum, er hluthafar kjósa hlutfallskosningu á aðalfundi til árs í senn, að tiltölu við hlutfjáreign sína, ásamt jafnmörgum varamönnum.
- 5) Hlutablet Járnblendifélagsins skulu vera almenn nafnbret með atkvæðisrétti, skráð og útgefin á nöfn viðkomandi hluthafa, og skulu veita hverjum hluthafa forkaupsrétt að öllum og sérhverjum síðari aukningarhlutum Járnblendifélagsins, hvort sem er af sama eða öðrum flokki eða nafnverði, í hlutfalli við hlutfjáreign sína.
- 6) Að því áskildu, sem mælt er í 7., 8. og 9. málsgrein þessarar greinar, skulu hlutablet í Járnblendifélaginu eigi framseljanleg án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins, og framsal hluthafa á hlutabletunum ennfremur vera háð forkaupsrétti af hálfu hins eða hinna hluthafanna í hlutfalli við hlutfjáreign þeirra.
- 7) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ES óskar að selja hlutablet sín í Járnblendifélaginu, öll eða að hluta, þar með talin hlutablet í eigu dótturfélaga ES, hefur ríkisstjórnin rétt og skyldu til að kaupa hluti þá, sem ES býður fram, á verði, sem löggiltu endurskoðendafirma, er aðilarnir verða skriflega ásáttir um, er falið að ákveða. Ríkisstjórnin skal eiga kost á að greiða andvirði hlutanna með jöfnum árlegum afborgunum yfir fimm ára tímabil með þeim vöxtum, sem almennt gilda um venjulega viðskiptavíxla samkvæmt opinberri ákvörðun Seðlabanka Íslands.
- 8) Ef svo fer eftir að meira en 15 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns, að ríkisstjórnin óskar að selja hlutablet sín í Járnblendifélaginu þriðja aðila, öll eða að hluta, skal ES eiga forkaupsrétt að þeim hlutabletum, enda sé ES hluthafi í Járnblendifélaginu á þeim tíma. Skal ES í því tilvik hafa níutíu daga frest til ákvörðunar um að kaupa þau hlutablet ríkisins, sem um er að ræða, frá því að ES fær í hendur skriflega tilkynningu frá ríkisstjórninni þess efnis, að hún hafi áhuga á raunhæfu tilboði í hlutabletin. Ber

þar að segja greinargóð skil á efni tilboðsins og geta um nafn og heimili tilboðsgjafans. Ef ES lætur hjá líða að pósthleggja til ríkisstjórnarinnar á nefndum níutíu daga fresti tilkynningu um, að ES neyti forkaupsréttar síns að hlutabréfunum, skal ríkisstjórninni frjálst að selja hlutabréfin hinum umgetna þriðja aðila, og þá einungis með þeim kjörum og skilmálum, sem lýst var í tilkynningu ríkisstjórnarinnar til ES.

- 9) Þrátt fyrir ákvæði 6. málsgreinar þessarar greinar skal heimilt að framselja hlutabréf í Járblendifélaginu í eigu ES til dótturfélaga ES og þeirra á meðal, og úr hendi þeirra til ES, en þó með því skilyrði, að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Járblendifélagsins skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum sannings þessa, sölusamningsins og tæknisamningsins, og við því að vera bundinn af þeim, eftir því sem við getur átt.
- 10) Eigi skal heimilt að leggja nein veðbönd á nokkur hlutabréf Járblendifélagsins án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins.
- 11) Ákvæði 2. og 4. greinar í samningi þessum skulu leysa af hólmi samsvarandi ákvæði 2., 3., 7. og 9. greinar í stofnsamningi Járblendifélagsins, er hafa ekki frekara gildi. Ef misræmi reynist milli ákvæða sannings þessa og ákvæða í stofnsamningi eða samþykktum Járblendifélagsins, skulu ákvæði sannings þessa ráða.
- 12) Samþykktum Járblendifélagsins skal breyta eins og lýst er á fylgiskjali I með samningi þessum, þannig að þær verði í samræmi við ákvæði þessarar greinar og önnur viðeigandi ákvæði sannings þessa. Aðilarnir eru sammála um að láta kveðja til aukafundar í Járblendifélaginu í Reykjavík til þess að koma fram umræddum breytingum á samþykklunum með samhljóða atkvæðum sínum. Á þeim fundi skal ES kjósa þrjá aðalmenn og varamenn í stjórn Járblendifélagsins ásamt einum endurskoðanda, er gegni embætti til aðalfundar á árinu 1977. Aukafundinn ber að halda án tafar eftir að samningur þessi hefur verið undirritaður, enda hafi skilyrði þau, sem vísað er til í staflíðum (g), (h) og (i) í 1. málsgrein 23. greinar sannings þessa jafnframt verið uppfyllt.

### 3. gr.

#### Slit fyrri samninga og núverandi fjárhagsstaða.

- 1) Ríkisstjórnin, Járblendifélagið og Union Carbide hafa lokið öllum aðgerðum í sambandi við úrsögn Union Carbide úr Járblendifélaginu, sem vísað er til í inngangi sannings þessa, og hefur úrsögnin verið leidd til lykta með fullu samkomulagi milli aðila. Meðal annars hafa Járblendifélagið og Union Carbide slitið öllum samningum sínum í milli og leyst hvort annað undan öllum skuldbindingum samkvæmt þeim, og á hvorugt þeirra neinar kröfur á hendur hinu, fjárhagslegar eða af öðru tagi, að frátalinni skuldbindingu Járblendifélagsins um að nota ekki né opinbera tæknilegar upplýsingar, er Union Carbide lét því í té samkvæmt samningi þeirra um framsal á tæknikunnáttu.
- 2) Járblendifélagið hefur samið um slit á öllum samningum varðandi útvegum á efni og tækjum og vinnu eða verkfræðihjónustu fyrir verksmiðjuna, er gerðir höfðu verið fram til 30. júní 1976, að frátöldum samningum varðandi undirbúningsframkvæmdir á verksmiðjulóðinni, og er ekki háð neinum skuldbindingum samkvæmt slíkum samningum umfram það, sem lýst er í efnahagsreikningi Járblendifélagsins miðað við þann dag.
- 3) Járblendifélagið og Landsvirkjun hafa náð fullnaðarsamkomulagi um afleiðingar þeirra breytinga, sem Járblendifélagið hefur gert á áætluninni um bygg-ingartíma verksmiðjunnar, og greiðslum þeim, sem inna ber af hendi til Landsvirkjunar af þessu tilefni, er að fullu lýst í efnahagsreikningi Járblendifélagsins miðað við 30. júní 1976.
- 4) Kaup ES á hlutabréfum í Járblendifélaginu samkvæmt samningi þessum eru gerð á grundvelli efnahagsreiknings Járblendifélagsins, sem stjórn félagsins



hefur látið gera miðað við 30. júní 1976 og fylgir samningi þessum sem fylgiskjal II. Ríkisstjórnin ábyrgist, að Járnblendifélagið hafi undir höndum eignir þær, sem taldar eru í þeim efnahagsreikningi, og sé ekki háð neinum öðrum skuldbindingum en þar koma fram.

## 4. gr.

## Hlutafé og kaup ES á hlutabréfum.

- 1) Stofnhlutafé Járnblendifélagsins skal vera jafnvirði tuttugu og fjögurra milljóna bandaríkjadala (\$24 000 000) í íslenskum krónum, eins og ákveðið var við stofnun félagsins. Ríkisstjórnin hefur skrifað sig fyrir fimmtíu og fimm hundraðshlutum (55%) af hlutafénu (\$ 13 200 000), og hefur þegar greitt jafnvirði 26% af hlutafjárloforði sínu (\$3 432 000). Að auki hefur ríkisstjórnin fengið í hendur frá Union Carbide réttindi yfir greiddum hlutafjárskirteinum, er svara 26% af afgangi stofnhlutafjárins (\$2 808 000), og hefur látið Járnblendifélaginu eftir til ráðstöfunar þau hlutabréf, sem skirteini þessi taka til, eins og vitnað er til í inngangi samnings þessa.
- 2) Með samningi þessum skrifar ES sig fyrir fjörutíu og fimm hundraðshlutum (45%) af stofnhlutafé Járnblendifélagsins (\$ 10 809 000) með þeim skilmálum, sem kveðið er á í þessari grein. Hlutafjárloforð þetta tekur meðal annars til hlutabréfa þeirra, sem hlutafjárskirteini þau, er Union Carbide átti áður, svara til, og skulu þau hlutafjárskirteini hér eftir vera ógild.
- 3) Í skiptum fyrir hlutabréf að samanlögðu nafnverði sem nemur jafnvirði þriggja milljóna og tvö hundruð þúsunda bandaríkjadala (\$ 3 200 000) af hlutafjárloforði sínu skal ES framselja til Járnblendifélagsins þá tæknikunnáttu og þekkingu varðandi hönnun, verkfræðileg atriði og rekstur, sem nauðsynleg er til að byggja og reka þau mannvirki verksmiðjunnar, sem ætluð eru til framleiðslu á kísiljárni, eins og nánar segir í tæknisamningnum. Hlutabréf þessi skulu vera fullnaðargreiðsla fyrir tæknikunnáttuframlag þetta, en verð þess hefur verið ákveðið á grundvelli verðmætis á frjálsum markaði. ES leggur fram afganginn af hlutafjárloforði sínu í reiðufé, og skal það vera jafnvirði sjö milljóna og sex hundruð þúsunda bandaríkjadala (\$7 600 000).
- 4) Innan þrjátíu daga frá gildistöku samnings þessa skal ES hafa greitt Járnblendifélaginu að fullu jafngildi 26% af framlagi sínu í reiðufé (\$1 976 000), sem skal innt af hendi eftir kaupgengi bandaríkjadals samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á greiðsludegi. Um leið og greiðslunni er lokið skal ES einnig talið hafa greitt 26% af verðmæti tækniframlags síns samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar (\$ 832 000).
- 5) Ríkisstjórnin og ES greiða þá 74 af hundraði, er þá verða eftir af hlutafjárloforðum þeirra, á árunum 1977—1979, eftir því sem stjórn Járnblendifélagsins ákveður. Greiðslurnar skulu inntar af hendi á grundvelli eftirfarandi áætlunar, en stjórn Járnblendifélagsins hefur þó heimild til að breyta henni eftir því, sem fjárþarfir félagsins krefjast:

	Ríkisstjórnin	ES-reiðufé	ES-tækniframlag
Á árinu 1977 .....	\$ 4 400 000	\$ 2 533 000	\$ 1 067 000
Á árinu 1978 .....	\$ 4 950 000	\$ 2 850 000	\$ 1 200 000
Á árinu 1979 .....	\$ 418 000	\$ 241 000	\$ 101 000
Samtals .....	\$ 9 768 000	\$ 5 624 000	\$ 2 368 000

Framlög hvers árs skulu hluthafarnir greiða samhliða eftir réttum hlutföllum síni í milli á þeim gjalddögum, sem stjórn Járnblendifélagsins tiltekur, þó þannig, að eftir greiðslu sé kallað með 30 daga fyrirvara hið skemmsta hverju sinni. Gildir þetta einnig um andvirði tækniframlagsins samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar, þannig að tiltölulegur hluti af því skal teljast greiddur sam-

hliða hverri greiðslu í reiðufé frá ES. Stjórn Járblendifélagsins skal gefa út bráðabirgðaskirteini fyrir hverri framlagsgreiðslu.

- 6) Hluthöfunum er heimilt að greiða framlög sín í íslenskum krónum eða í bandaríkjadöllum eða öðrum gjaldmiðli, sem fullnægir ákvæðum 13. gr. samnings þessa, í Reykjavík eða á öðrum stöðum, sem Járblendifélagið samþykkir, og með peningayfurfærslum eða með skuldajöfnuði, sem hluthafarnir kunna að eiga löglegan rétt til að framkvæma. Sérhver greiðsla í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadöllum skal vera nægjanleg að fjárhæð til þess að skila þeirri upphæð í bandaríkjadöllum, sem stjórn Járblendifélagsins hefur tiltekið við viðkomandi innköllun, á þeim stað og tíma, þar sem yfurfærsla til Járblendifélagsins eða uppgjör við það fer fram. Andvirði greiðslunnar skal bókfært hjá Járblendifélaginu í íslenskum krónum miðað við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu samkvæmt hinni opinberu gengisskráningu Seðlabanka Íslands á þeim degi, sem greiðslan er yfurfærð. Andvirði samhliða hluta af tækniframlagi ES samkvæmt 3. málsg. þessarar greinar í íslenskum krónum skal reiknað á sama hátt.
- 7) Eins og fram kemur í stofnsamningi og samþykktum Járblendifélagsins hefur nafnverð stofnhlutfjár Járblendifélagsins, sem hluthafarnir hafa skrifað sig fyrir eins og skýrt er frá hér að framan (§ 24 000 000), í öndverðu verið ákveðið sem íslenskar kr. 3 614 400 000, í samræmi við kaupgengi bandaríkjadals gagnvart krónunni hinn 28. apríl 1975 samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands (1:150,60). Fari svo vegna gengisbreytinga, að heildarandvirði greiddra hlutfjárframlaga í krónum verði hærra en samanlagt nafnverð þeirra hlutabréfa, sem hluthafarnir hafa skráð sig fyrir, skal nafnverð á hlutfé Járblendifélagsins í krónum hækkað sem mismuninum nemur. Hefur stjórn Járblendifélagsins heimild til að framkvæma þá hækkun við lok greiðslutímabils hlutfjárloforðanna. Verði heildarandvirði greiðslunnar hins vegar lægra en hið samanlagða nafnverð af sömu ástæðum, munu hluthafarnir heita sér fyrir lækkun á hlutfé félagsins sem því svarar, nema báðir verði ásáttir um aðra ráðstöfun á málinu. Mismuninum við hækkun eða lækkun á virði hlutfjárins í íslenskum krónum skal jafnað milli hluthafanna í hlutfalli við skráðar skuldbindingar þeirra (55:45), og skal útgáfa hlutabréfa í stað bráðabirgðaskirteina verða í samræmi við þetta.

##### 5. gr.

##### Fjármögnun með lánsfé.

- 1) Fjár þess, sem með þarf til viðbótar hlutfé Járblendifélagsins til þess að ljúka við byggingu verksmiðjunnar að þeirri afkastagetu, sem ráðgerð er í 7. grein samnings þessa, og tryggja hæfilegt rekstrarfé í upphafi starfrækslu verksmiðjunnar, skal aflað með lánum, sem Járblendifélagið tekur í þeim tilgangi, eftir því sem unnt er. Lánskjör á fé þessu og lántökustaðir skulu háðir samþykki hluthafa Járblendifélagsins, sem ber að aðstoða félagið sameiginlega í samningum við væntanlega lánveitendur. Um samþykki þetta skal ekki synjað að ástæðulausu.
- 2) Hluthafarnir eru sammála um, að lántökur Járblendifélagsins frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, megi ekki nema minna en jafnvirði 320 milljóna norskra króna að samanlögðum höfuðstól til að upphæðin geti talist fullnægjandi. Hluthafarnir telja það nauðsynlegt skilyrði fyrir því að hefja framkvæmdir að afla í byrjun bindandi fyrirheita frá fjármálastofnunum, einni eða fleirum, sem geta veitt fjárfestingarlán til langs eða miðlungi langs tíma, um að leggja Járblendifélaginu til lán, er svara þessu lágmarki, á byggingartíma verksmiðjunnar.
- 3) Til þess að greiða fyrir lántökum frá þriðja aðila í þeim tilgangi, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, taka hluthafarnir hér með að sér að sjá

Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánnum, sem gangi á eftir lánum frá öðrum lánardrottnum að því er varðar vaxtagreiðslur og endurgreiðslur á höfuðstól. Lán þessi skulu að svo stöddu ákvarðast sem 44 milljónir norskra króna hið minnsta að samanlögðum höfuðstól og ekki vera til ráðstöfunar fyrr en að liðnum greiðslutíma hlutafjárloforða, sem um ræðir í 5. málsg. 4. greinar. Vextir af lánum þessum skulu vera í samræmi við venjulega vexti á lánamarkaðnum á hverjum tíma af lánum með sambærilegum greiðslutíma, nema um annað verði samið milli hluthafanna.

- 4) Öll fjárhagsaðstoð hluthafa Járnblendifélagsins í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar (að meðtöldum þeim lánum, sem um er fjallað í 3. málsg.), skal innt af hendi af hvorum fyrir sig í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra (55:45), nema um annað verði samið á þeim tíma.
- 5) Fyrir utan fjáröflun í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, skal öll lánsfjáröflun til fjárfestingar og í öðru skyni háð undanfarandi samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta stjórnar Járnblendifélagsins, nema um sé að ræða bankafyrirgreiðslu til skamms tíma eða viðskiptaskuldir, sem stofnað er til í venjulegum rekstri.

### III. KAFLI

#### REKSTUR

##### 6. gr.

##### Aðrir samningar.

- 1) Hluthafarnir skulu hlutast til um, að Járnblendifélagið undirriti eftirfarandi samninga svo fljótt sem unnt er og með skilmálum, sem háðir verða ásáttir um:
  - a) Tæknisamninginn við ES, í samræmi við 11. grein samnings þessa.
  - b) Sölusamninginn við ES, í samræmi við 12. grein samnings þessa.
  - c) Fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn við Landsvirkjun. Rafmagnssamningurinn skal tryggja nægjanlegt rafmagn til reksturs fyrsta og annars áfanga verksmiðjunnar.
  - d) Leigulóðarsamninginn við rikissjóð. Leigulóðarsamningurinn skal tryggja félaginu verksmiðjulóð, er sé nægilega stór til að rúma ekki færri en fjóra bræðsluofna, ásamt nauðsynlegum réttindum Járnblendifélagsins til stöðugrar vatnsöflunar, er nægi til rekstursþarfa félagsins, svo og varðandi aðstöðu til þess að losna við hvers konar úrgangsefni.
  - e) Hafnarsamninginn við Hafnarsjóð Grundartangahafnar. Í hafnarsamningnum skal kveðið á um byggingu á hæfilegri hafnaraðstöðu við Grundartanga, er verði tilbúin til notkunar þegar rekstur hefst í verksmiðjunni.

Ríkisstjórnin og ES skulu undirrita ofangreinda samninga eða staðfesta samþykki sitt við þeim með undirskrift sinni, eftir því sem við á um hvern þeirra.

- 2) Hluthöfunum ber að aðstoða Járnblendifélagið við útvegum á þeim vegum á staðinn, tengivegum, þjónustu og annarri aðstöðu, sem ekki er þegar fyrir hendi, og nauðsynleg kann að vera fyrir hagkvæma byggingu og rekstur verksmiðjunnar og þá geymslu og flutninga, sem félagið hefur með höndum, með sanngjörnum kjörum og skilmálum.

##### 7. gr.

##### Byrjun framkvæmda.

- 1) Um leið og samningur þessi hefur tekið gildi í samræmi við 23. grein skal Járnblendifélagið þegar hefjast handa um að byggja verksmiðjuna og öll mannvirki, sem nauðsynleg eru og viðeigandi í sambandi við hana, og koma verksmiðjunni af stað til framleiðslu í verslunarskyni í samræmi við nánari ákvæði þessarar greinar. Allar aðgerðir í þeim tilgangi fyrir gildistöku þessa samnings

- skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar og ES og þeim takmörkunum, sem þau kunna að koma sér saman um.
- 2) Verksmiðjuna skal í upphafi byggja í tveimur áföngum og verði í fyrsta áfanga bræðsluofn með 30MW málraun fyrir 75% kísiljárn, en áætluð afkastageta hans er sem svarar 25 000 lestum á ári af söluhafu kísiljárni, ásamt fylgibúnaði fyrir tvo bræðsluofna. Áætla skal að taka fyrsta bræðsluofninn í notkun á fyrsta afhendingardegi rafmagns eða fyrir þann dag. Ljúka ber við fyrsta áfanga verksmiðjunnar og útvega allar vélar, búnað, þjónustu, aðföng og aðstöðu, sem með þarf til að gera Járnblendifélaginu kleift að byrja starfrækslu verksmiðjunnar í verslunarskyni, svo fljótt sem unnt er.
  - 3) Í öðrum áfanga verksmiðjunnar skal vera einn bræðsluofn fyrir 75% kísiljárn með eigi minna en 30MW málraun, en áætluð afkastageta hans er eigi minni en 25 000 lestir á ári af söluhafu kísiljárni. Áætla skal að taka þennan annan bræðsluofn í notkun á öðrum afhendingardegi rafmagns, eins og hann verður ákvarðaður samkvæmt 1. málsg. 5. gr. rafmagnssamningsins, eða fyrir þann dag. Lokaákvörðun um stærð bræðsluofnsins skal háð samþykki hluthafanna.
  - 4) Járnblendifélagið skal gera alla samninga, sem gera þarf varðandi hönnun, byggingu, tækjabúnað, aðföng og prófun verksmiðjunnar. Járnblendifélagið skal semja við ES um afhendingu tækjabúnaðar í sambandi við fyrsta bræðsluofn verksmiðjunnar samkvæmt 1. kafla tæknisamningsins. Járnblendifélagið og ES skulu á svipaðan hátt gera samning um kaup frá ES á tækjabúnaði í sambandi við annan bræðsluofn verksmiðjunnar með skilmálum, sem háðir skulu samþykki ríkisstjórnarinnar. Verð og aðrir samningsskilmálar fyrir afhendingu tækjabúnaðar frá ES fyrir fyrsta og annan bræðsluofn verksmiðjunnar skulu vera sanngjarnir og samkeppnishæfir og ákveðnir á grundvelli samninga milli óháðra aðila, með réttmætri hliðsjón af tækniframlaginu til Járnblendifélagsins samkvæmt 2. kafla tæknisamningsins.

#### 8. gr.

##### Rekstur.

- 1) Eftir að framleiðsla í verslunarskyni er hafin, skal Járnblendifélagið halda framleiðslugetu hinna ýmsu áfanga verksmiðjunnar í horfi og framleiða kísiljárn í þeim mæli, sem ræskilegur er í tæknilegu og efnahagslegu tilliti miðað við aðstæður á hverjum tíma. Framleiðslunni skal hagað í samræmi við þann grundvöll, sem lagður er með tæknisamningnum og sölusamningnum, í öllum atriðum sem við á.
- 2) Járnblendifélagið skal starfrækt með bestu hagsmuni hluthafa þess, starfsmanna og hins íslenska þjóðfélags fyrir augum.
- 3) Öllum nettóhagnaði Járnblendifélagsins, sem eigi þarf að verja til endurgreiðslu á lánum og eigi þarf eðlilega á að halda sem varasjóði, rekstrarfé eða til fjárfestingar, eða fyrir starfsemi félagsins og í viðskiptum þess, skal ráðstafað til arðsúthorgunar og hann greiddur hluthöfum Járnblendifélagsins, eða lagður til hliðar til síðari greiðslu til hluthafa.

#### 9. gr.

##### Umhverfis- og öryggismál.

- 1) Járnblendifélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar af hennar völdum, og hanna mannvirki verksmiðjunnar þannig, að þau fari sem best í umhverfinu.
- 2) Í samræmi við 11. gr. heimildarlaganna er verið að gera líffræðilega athugun á umhverfi verksmiðjunnar á kostnað Járnblendifélagsins, með hliðsjón af tillögum náttúruverndarráðs, þannig að fylgjast megi með áhrifum verksmiðj-

unnar á lífríkið. Athuguninni skal lokið áður en framleiðsla hefst í verksmiðjunni.

- 3) Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við nágildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
- 4) Í samræmi við ákvæði þessarar greinar hefur Járblendifélagið sótt um starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Járblendifélagið skal leitast við að afla þess leyfis með skilmálum, sem hluthafarnir geta fallist á, svo fljótt sem unnt er.

#### 10. gr.

##### Starfsfólk.

- 1) Starfsmenn, sem ES eða dótturfélög ES leggja Járblendifélaginu til eða láta starfa að efndum á skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum og tæknisamningnum, þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar né eiga búsetu á Íslandi.
- 2) Við verksmiðjuna skal starfa samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn Járblendifélagsins og starfsliði þess, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu Járblendifélagsins og starfsliðs þess, vera háðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

#### 11. gr.

##### Tæknileg aðstoð.

- 1) ES skal láta Járblendifélaginu í té nauðsynlega tæknilega þekkingu og reynslu til þess að gera Járblendifélaginu kleift að takast á hendur að byggja og reka verksmiðjuna og framleiða kísiljárn í verksmiðjunni, með framsali á tæknikunnáttu og með reglubundnum ráðleggingum og aðstoð eins og kveðið er á í 2. og 3. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir.
- 2) ES skal enn fremur leggja Járblendifélaginu til eftirfarandi, eins og mælt er um í 1. og 4. kafla tæknisamningsins og með þeim skilmálum, sem þar greinir:
  - a) Tækjabúnað þann, sem heyrir til fyrsta bræðsluofni verksmiðjunnar, ásamt fylgitækjum, og teikningar og verklýsingar fyrir verksmiðjuna, svo og kauprétt á öðrum bræðsluofni sömu gerðar og stærðar.
  - b) Byggingarstjórnarþjónustu við skipulagningu, byggingu og uppsetningu verksmiðjunnar, í samráði við Járblendifélagið.
- 3) Að áskildum ákvæðum tæknisamningsins skal sú þekking, þjónusta og önnur aðstoð, sem ES lætur Járblendifélaginu í té, vera innt af hendi á þann hátt, sem best þjónar hagsmunum Járblendifélagsins að öllu leyti.

#### 12. gr.

##### Markaðsmál.

- 1) Sölu á öllu kísiljárninu, sem Járblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, ber að stunda á þeim grundvelli, sem mælt er um í þessari grein, að áskildum frekari ákvæðum sölusamningsins. ES skal hafa með höndum einkaumboð fyrir Járblendifélagið til sölu á þessu kísiljárninu, að undanskildu kísiljárninu, sem selt er á Íslandi til innanlandsnota. Sem einkaumboðsaðili er ES ávallt skuldbundið til þess að gera silt itrasta í samræmi við bestu viðskipta- og söluhæli til að vinna að sölu á kísiljárninu frá verksmiðjunni og nota til þess sömu atorku og beitt er við sölu á kísiljárninu, sem framleitt er í eigin verksmiðjum ES í Noregi.
- 2) Sala á kísiljárninu, sem Járblendifélagið framleiðir í verksmiðjunni, skal fara fram gegnum sama sölukerfi og ES notar á hverjum tíma við sölu á eigin kísiljárnsframleiðslu og njóta jafnstöðu við þá framleiðslu í eftirfarandi tilliti:

- a) Nettó FOB verð til verksmiðju skal vera hið sama fyrir kísiljárn af sama gæðaflokki, að áskilinni leiðréttingu vegna mismunar, sem um kann að vera að ræða á flutningskostnaði frá verksmiðju til kaupanda.
- b) Nettó FOB verð til verksmiðju skal ákvarðað út frá brúttóverði til kaupanda, þannig að frá sé dreginn flutningskostnaður frá verksmiðju til kaupanda og sölukostnaður svo sem kostnaður við rekstur á söluskristofum, laun umboðsmanna og sölustjórnunarkostnaður. Þessi flutnings- og sölukostnaður skal reiknaður á meðaltalsgrundvelli samkvæmt þeirri meginreglu, að hver verksmiðja skuli bera tiltölulegan hluta hans.
- c) Niðurfjölfun á vörusendingum á þeim tímabilum, þegar ekki má búast við að unnt sé að selja alla framleiðsluna vegna neikvæðra aðstæðna á markaðnum. Vörusendingar á þessum tímabilum skulu skornar niður í hlutfalli við reiknaða afkastagetu Járblendifélagsins og reiknaða afkastagetu ES.
- 3) Að því er varðar niðurfjölfun á vörusendingum milli ES og Járblendifélagsins, eins og vísað er til í 2. málsg. þessarar greinar, skal hin reiknaða afkastageta ES ákvörðuð árlega fyrir hvert komandi almanaksár á grundvelli meðalársframleiðslu á söluhæfu kísiljárni hjá ES á næstliðnum fjórum almanaksárum, í fyrsta sinn miðað við byrjun þess almanaksárs, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu. Afkastagetan skal reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem afhentar eru til notkunar í eigin vinnsluverksmiðjum ES eða verksmiðjum, sem dótturfélög ES eiga og reka. Hin reiknaða afkastageta Járblendifélagsins skal ákvörðuð á sama hátt frá og með fyrsta árinu eftir að fjögur full almanaksár eru liðin frá því að annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu, og skal hún reiknuð sem heildarframleiðsla að frádregnum framleiðsluvörum, sem seldar eru á Íslandi til innanlandsnota. Á tímabilinu fram að því ári skal hin reiknaða afkastageta ákvörðuð eftir bráðabirgðareglum með vísan til þeirra daga, er fyrsti og annar bræðsluofn verksmiðjunnar verða teknir til reglubundinnar starfrækslu, svo sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Í sölusamningnum skal jafnframt kveðið á um bráðabirgðareglur, er heita skuli í því tilvik, að ES eða Járblendifélagið byggi eða eignist nýja bræðsluofna.
- 4) Í því skyni að styrkja stöðu Járblendifélagsins á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar ábyrgist ES, að á tímabilinu fram til 30. júní 1982 skuli sala á kísiljárni frá verksmiðjunni á hverju almanaksári ekki vera minni en sem nemur eftirtöldu lágmarksframleiðslumagni, enda nái verksmiðjan þessu framleiðslumarki og hafi að auki komið upp framleiðsluvörubirgðum í eftirtöldu magni við lok ársins, sem um er að ræða:
- |  | Sala            | Birgðir    |
|--|-----------------|------------|
| a) Frá þeim degi, er fyrsti bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu ..... | 20 000 tonn/ári | 4 000 tonn |
| b) Frá þeim degi, er annar bræðsluofn verksmiðjunnar er tekinn til reglubundinnar starfrækslu .....  | 35 000 tonn/ári | 7 000 tonn |
- 5) Allt vörumagn, sem reikna þarf samkvæmt 3. og 4. málsg. þessarar greinar, skal reiknað hlutfallslega fyrir brot úr almanaksári (nema birgðir samkv. 4. málsg.) og jafnframt umreiknað í kísiljárn með 75% kísilinnihaldi eftir því sem nánar er mælt um í sölusamningnum. Þegar rætt er um reiknaða afkastagetu ES og eigin kísiljárnsframleiðslu eða framleiðsluvörur ES í sambandi við þessa grein, er hvarveita átt við afkastagetu, framleiðslu og framleiðsluvörur kísiljárnverksmiðja, sem ES á að öllu leyti eða að hluta í Noregi eða öðrum löndum utan Íslands, en þá jafnan að því áskildu, að sala á kísiljárni frá viðkomandi verksmiðju fari fram gegnum sama sölukerfi og sala frá kísiljárnverksmiðjum ES í Noregi, sem það á að öllu leyti.

- 6) Til endurgjalds fyrir umboðsmennsku há fyrir Járblendifélagið, sem ES tekur að sér, og jafnstöðu há, sem Járblendifélaginu er veitt samkvæmt sölusamningnum skal Járblendifélagið greiða ES jöfnunargjald að fjárhæð fjörutíu (40) norskar krónur fyrir hverja lest af kísiljárn (miðað við 75% kísilinnihald), sem seld er frá verksmiðjunni, svo sem nánar er á kveðið í sölusamningnum. Jöfnunargjald þetta ber að greiða frá því að starfræksla hefst í verksmiðjunni og út gildistíma sölusamningsins.
- 7) Sem einkaumboðsaðila ber ES að halda Járblendifélaginu svo vel upplýstu sem unnt er um ástand á markaðnum fyrir kísiljárn, og að meta sölugetuna hæð til skamms og langs tíma. Við gerð framleiðslu- og söluáætlana og eftirfarandi endurskoðun þeirra skulu ES og Járblendifélagið vinna saman í þeim tilgangi að komast að hagkvæmasta skipulagi frá sjónarmiði starfseminnar í heild. ES skal senda Járblendifélaginu mánaðarlegar skýrslur um framleiðslu, vörusendingar og birgðir hjá eigin kísiljárnverksmiðjum sínum og um magn hæð, sem selt hefur verið á hinum ýmsu mörkuðum. Eftir ársfjórðung hvorn skal ES senda Járblendifélaginu skýrslu um þau nettó FOB verð, sem náðst hafa á ársfjórðungnum, ásamt markaðsskýrslu um helstu markaði fyrir kísiljárn. ES ber að öðru leyti að veita Járblendifélaginu jafnóðum upplýsingar um meiriháttar breytingar á markaðsstandi. Allar markaðsupplýsingar, sem Járblendifélagið fær frá ES eða söluvirlækjum heim, sem ES notar, skulu einvörðungu vera til notkunar fyrir Járblendifélagið sjálft og eigi látnar uppi við utanaðkomandi aðila.
- 8) Járblendifélagið skal jafnan eiga rétt á að láta óháðan löggiltan endurskoðanda, sem heð tilnefnið sjálft, kenna skiöl og bækur ES til sannprófunar á þeim upplýsingum, sem ES hefur veitt um sölu og framleiðslu.
- 9) ES skal eiga rétt til að fela sölu á kísiljárn þvi, sem Járblendifélagið framleiðir, í hendur Fesil eða svinnuðu söluvirlækis, sem ekki er rakið í ágóðaskvni, enda annist þetta sama söluvirlækis um sölu á framleiðslu kísiljárnverksmiðja þeirra í Noregi, sem eru í eigu ES að öllu leyti. Sú tilhögun skal ekki valda þeirri breytingu á afstöðunni milli ES og Járblendifélagsins, og einkum skal ákvæðunin á nettó FOB verði til Járblendifélagsins haldast í samræmi við þær meginreglur, sem um ræðir í staflíðum a) og b) í 2. málsgr. þessarar greinar.

#### IV. KAFLI FJÁRMÁLAÁKVÆÐI

##### 13. gr.

##### Gjaldeyrismál.

- 1) Greiðslur af hálfu ES til Járblendifélagsins á kaupverði blutabréfa í félaginu og annars samkvæmt samningi þessum mega fara fram í heim friðslum gjaldværi og á þann venjulegan hátt um peningasendingar, sem ES kveð. Venjuleg íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem við eiga eftir atvikum, skulu gilda um þessar greiðslur í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt af hendi til einhvers staðar utan Íslands, er óskvilt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld. Ákvæði þessi skulu gilda um allar greiðslur af framangreindu tagi, sem ES kann að hlutfast til um, að einhver dóturfélag þess greiði fyrir eigin hönd eða fyrir hönd ES.
- 2) Greiðslur til ES á arði, útlögðu fé eða annars samkvæmt samningi þessum og samkvæmt tæknisamningnum eða sölusamningnum mega fara fram í norskum krónum eða þeim öðrum friðslum gjaldværi og á þann venjulegan hátt um slíkar peningasendingar, sem ES kann að kjósa, og skulu íslensk banka- og yfirfærslugjöld, sem um þær gilda, vera í samræmi við venjulegar bankareglur. Ef greiðsla er innt frá stað utan Íslands, er óskvilt að greiða af henni íslensk yfirfærslugjöld.

## 14. gr.

## Sköttun Járblendifélagsins.

- 1) Járblendifélagið skal greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð á Íslandi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í þessari grein og 16. grein, sbr. 7. og 9. grein heimildarlaganna.
- 2) Ef íslenskum lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld er breytt frá því, sem í gildi var hinn 26. apríl 1975, skal Járblendifélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og skal félaginu ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila. Með hliðstæðri starfsemi í þessu sambandi skal telja orkufrekan iðnað og annan meiriháttar framleiðsluiðnað rekinn af aðilum, sem háðir eru almennum skattalögum á Íslandi á viðkomandi starfssviði, en þó að undanskildum iðnaði, sem sérstaklega er helgaður vinnslu íslenskra sjávarafurða og landbúnaðarafurða.
- 3) Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart Járblendifélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum íslenskum lögum um þá skatta:
  - a) Járblendifélaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, að því inarki, sem um ræðir í 2. málsg. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975 (lög nr. 68/1971, með breytingum skv. lögum nr. 7/1972 og öðrum áorðnum breytingum), og eftir þeim reglum, sem gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
  - b) Járblendifélaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsg. 17. greinar tekjuskattslaga, sem í gildi voru hinn 26. apríl 1975. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
  - c) Járblendifélaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsg. D-liðs 1. málsg. 7. gr. tekjuskattslaga, er í gildi voru hinn 26. apríl 1975.
  - d) Járblendifélagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0,5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum íslenskra skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkvæmt V. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

## 15. gr.

## Um skattskyldu ES á Íslandi.

- 1) Um skattskyldu ES sem hluthafa í Járblendifélaginu og að öðru leyti í sambandi við starfsemi þess samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum eða sölusamningnum skal fara eftir ákvæðum samnings milli Íslands og Noregs um að komast hjá tvísköttun, eins og hann er í gildi á hverjum tíma. Jafnframt skulu



eftirfarandi reglur gilda gagnvart ES án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum, sbr. 8. gr. heimildarlaganna, svo og gagnvart dótturfélögum ES, eftir því sem við á:

- a) Tekjuskattur ES á arð af hlutafjäreign þess í Járblendifélaginu, sem kann að vera skattskyldur samkvæmt tekjuskattslögum miðað við 26. apríl 1975 eða síðari lögunu, skal vera 5% --- fimm af hundraði — nema lögin eða milliríkjasamningur milli Íslands og Noregs kveði á um lægra gjald, enda eigi ES þá ekki minna en sem svarar 10% af útstandandi hlutafé Járblendifélagsins. Þer Járblendifélaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til ES við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til ES, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
- b) ES skal ekki talið hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við Járblendifélagið, og greiðslur til ES í formi þjónustugjalda, sölu-launa, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi. Hið sama skal gilda um greiðslur fyrir tækjabúnað samkvæmt tæknisamningnum.

#### 16. gr.

##### Innflutningsgjöld og söluskattur.

- 1) Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðjunnar og reksturs hennar og tengdra mannvirkja, skal undanþeginn íslenskum aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórnin mun einnig fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af efni og þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, innan þeirra marka, sem fjármálaráðuneytið ákveður á hverjum tíma á grundvelli heimildarlaganna.
- 2) Innflutningur af hálfu Járblendifélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem heinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.
- 3) Undanþágur þær, sem kveðið er á um í 1. og 2. málsg. þessarar greinar, skulu skilgreindar nánar með reglum, sem fjármálaráðuneytið gefur út, og skal ráðuneytið jafnframt gefa út fyriræli um þær verklagsreglur, sem Járblendifélaginu og verktökum þess og efnisseljendum ber að fylgja til að fá undanþáguna í hverju tilviki.
- 4) Raforka, sem afhent er til reksturs verksmiðjunnar, skal undanþeginn íslenskum söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku og öllum öðrum sköttum eða gjöldum, sem úlögð eru á Íslandi nú eða síðar á afhendingu, kaup, notkun eða neyslu rafmagns.
- 5) Ákvæði 1. og 4. málsg. þessarar greinar skulu gilda um verksmiðjuna eins og hún er byggð og rekin á grundvelli rafmagnssamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn í samræmi við 1. málsg. 23. greinar samnings þessa. Ef svo fer, að verksmiðjan verði stækkuð á grundvelli frekari breytinga á rafmagnssamningnum eða frekari rafmagnsafhendingar, sem Járblendifélagið semur um með öðrum hætti, mun ríkisstjórnin ákveða á þeim tíma, hvort ákvæðin skuli gilda um þá stækkun og að hve miklu leyti.

**V. KAFLI  
FYRIRHEIT**

**17. gr.**

**Ríkisstjórnin.**

- 1) Ríkisstjórnin skal gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru, til að hlutast til um, að Járnblandifélagið efni skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samvirkusamlega í samræmi við ákvæði þeirra.
- 2) Ríkisstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til að framkvæma samning þennan, heimildarlögin og samninga þá og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, til að gera ES og öðrum aðilum að samningunum kleift að rækja hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt þeim, og til að tryggja, að síðari tíma löggjöf fari ekki í bága við þá.
- 3) Ríkisstjórnin mun gera allar ráðstafanir, sem á hennar valdi eru og nauðsynlegar eru og viðeigandi samkvæmt íslenskum lögum, til verndar ES og eignum, réttindum og starfslíði þess, sem á hverjum tíma er á Íslandi eða háð íslenskrí lögsögu, og til að tryggja ES tafarlaugar og fullar bætur fyrir og vegna allra þeirra eigna eða réttinda, sem skert kunna að verða eða það kann að verða svipt fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar eða einhverrar stjórnardeildar eða stofnunar hennar eða íslenska ríkisins.

**18. gr.**

**ES.**

- 1) ES skal efna hinar ýmsu skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum, fljótt og samvirkusamlega í samræmi við ákvæði þeirra. ES skal hlutast til um, að dótturfélag ES, sem kynnu að taka á sig skuldbindingar samkvæmt umræddum samningnum eða á annan hátt gagnvart Járnblandifélaginu eða ríkisstjórninni, efni þær skuldbindingar sínar á sama hátt.

**19. gr.**

**Ýmis ákvæði.**

- 1) Samningur þessi og samningar þeir og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, eru til þess ætluð að veita, staðfesta og vernda hin ýmsu réttindi, heimildir, eignir og hagsmuni ríkisstjórnarinnar, íslenska ríkisins, ES, dótturfélaga ES, Landsvirkjunar og Járnblandifélagsins, nema hið gagnstæða sé sérstaklega tekið fram.
- 2) Að frátöldu því, sem segir í 22. gr., skulu engin ákvæði samnings þessa eða samninga þeirra og annarra skjala, sem honum eru til fullnustu, valda því eða verða skýrð þannig, að ES eða dótturfélag ES verði talin háð annarri lögsögu en Noregs eða stunda atvinnu annars staðar en í því landi, nema þegar ES eða dótturfélag ES vinnur verkfræðivinnu á verksmiðjulóðinni.
- 3) Enda þótt hið gagnstæða kynni að felast í samningi þessum, eða í þeim samningum og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu, skal ES eigi þurfa að brjóta eða eiga á hættu að brjóta nokkur lög, reglur, fyrirmæli eða reglugerðir konungsríkisins Noregs eða nokkurrar stofnunar þess eða dómstóls þar í landi. Hið sama skal eiga við um dótturfélag ES gagnvart þeim þjóðlöndum, þar sem þau eru skrásett eða reka atvinnu.

VI. KAFLI  
LÖG OG LAUSN DEILUMÁLA

20. gr.

Lög þau, sem fara skal eftir.

- 1) Um skýringu, túlkun og framkvæmd samnings þessa, tæknisamningsins og sölusamningsins skal fara og ráðast eftir íslenskum lögum.

21. gr.

Viðurkenndir textar.

- 1) Samningur þessi er gerður bæði á íslensku og ensku, og skulu báðir þeir textar vera viðurkenndir og jafnir að gildi og þýðingu. Tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu báðir gerðir á ensku, og skal sá texti vera hinn viðurkenndi texti þeirra.
- 2) Samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn skulu hver um sig undirritaðir og afhentir af samningsaðilum í þremur eintökum af hverjum viðurkenndum texta. Hvert slíkt eintak, sem verið hefur réttilega undirritað og afhent af samningsaðilum, skal vera viðurkennt frumrit og jafnt að gildi á við önnur sams konar eintök, er einnig hafa verið réttilega undirrituð og afhent af samningsaðilum.
- 3) Þær enskar eða norskar útgáfur, sem ES kann að óska eftir af stofnsamningi og samþykktum Járblendifélagsins og þeim öðrum samningum og skjölum, sem samningi þessum eru til fullnustu eða til er vísað í honum, skulu gerðar af Járblendifélaginu. Hið sama skal gilda um íslenskar útgáfur af tæknisamningnum eða sölusamningnum, sem ríkisstjórnin kann að óska eftir.

22. gr.

Deilumál.

- 1) Ef svo fer á þeim tíma, sem samningur þessi, tæknisamningurinn og sölusamningurinn, eða einhver þeirra, eru í gildi, eða síðar, að ágreiningur eða kröfumál ris af einhverjum samninganna eða í sambandi við þá, skýringu þeirra, merkingu, gildi eða framkvæmd, réttindi eða skyldur samkvæmt þeim, eða efndir eða vanefndir á einhverju af ákvæðum þeirra, skulu viðkomandi aðilar að þeim samningum, sem ágreiningurinn eða kröfumálið hefur risið af, freista þess að leysa málið án tafar með samkomulagi sín í milli.
- 2) Ef aðilum að ágreiningi eða kröfumáli, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, mistekst af einhverjum ástæðum að leysa málið skjótlega með samkomulagi, er hverjum málsaðila heimilt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar á því með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og ES. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni og ES, hvenær sem er, heimilt að krefjast þess, að sérhverjum slíkum ágreiningi eða kröfumáli verði vísað af aðilum málsins til ríkisstjórnarinnar og ES til lausnar með samkomulagi þeirra í milli. Ef ríkisstjórninni og ES tekst ekki af einhverjum ástæðum að leysa með samkomulagi einhvern ágreining eða kröfumál, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, skal málinu vísað til dómstóla eins og mælt er um hér á eftir.
- 4) Ríkisstjórnin og ES samþykkja hér með, að bæjarþing Reykjavíkur skuli eiga fulla lögsögu varðandi sérhvern ágreining eða kröfu, sem um getur í 1. málsg. þessarar greinar, að áskildu málskoti til Hæstaréttar eftir því, sem heimilt er að lögum. Járblendifélagið og dótturfélög ES fallast á þessa lögsögu á sama hátt með samþykki sínu við samningi þessum.

- 5) ES og dótturfélög ES skulu hvert um sig tilnefna skriflega fyrirvarsmann búsettan á Íslandi, er hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstóla á Íslandi í hverju máli, sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við 4. málsg. þessarar greinar, og sérhver slík stefna skal teljast nægilega til lykta leidd er hún hefur verið birt þessum fyrirvarsmanni á þeim fresti, er lög mæla.
- 6) Hvers konar mót af hálfu ES eða dótturfélaga ES fyrir íslenskum dómstóli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal vera og teljast sérstakt mót í þeim tilgangi, sem þar er um að ræða, og skal ekki valda því, að ES eða dótturfélög þess verði annars háð íslenskri lögsögu.

## VII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

### 23. gr.

#### Gildistími samningsins.

- 1) Samningur þessi skal öðlast gildi þann dag, er ríkisstjórnin og ES hafa undirritað hann og Alþingi hefur samþykkt heimildarlögin af nýju með þeim breytingum, sem taldar eru viðeigandi til þess að tryggja gildi allra ákvæða þessa samnings, og jafnframt að því tilskildu, að samningar þeir, sem taldir eru í staflidum (a) til og með (e) hér að neðan, hafi verið undirritaðir eða samþykktir í því formi, sem ríkisstjórnin og ES samþykkja, og að þeim aðgerðum, sem vísað er til í staflidum (f) til og með (i) hér að neðan, hafi verið lokið á grundvelli, sem ríkisstjórnin og ES telja fullnægjandi:
  - a) Tæknisamningurinn.
  - b) Sölusamningurinn.
  - c) Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn.
  - d) Lóðarleigusamningurinn.
  - e) Helstu ákvæði hafnarsamningsins.
  - f) Breytingar á samþykktum Járblendifélagsins.
  - g) Útgáfa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á starfsleyfi til handa Járblendifélaginu.
  - h) Útgáfa Noregsbanka á gjaldeyrisleyfi til handa ES.
  - i) Staðfesting af hálfu fjármálastofnana á fyrirheitum um að veita Járblendifélaginu lán eins og um ræðir í 2. málsg. 5. gr. samnings þessa.
- 2) Gildistökudagur samnings þessa, svo sem hann er ákveðinn eftir 1. málsg. þessarar greinar, skal tiltekinn skriflega og staðfestur með undirskrift ríkisstjórnarinnar og ES. Ef breytingarnar á heimildarlögnum hafa ekki verið samþykktar og þeim málefnum, sem um ræðir í staflidum (a) til og með (i) í 1. málsg. þessarar greinar, hefur ekki verið ráðið til lykta í öllum meginatriðum með þeim hætti, sem ríkisstjórnin og ES geta sætt sig við, innan þriggja mánaða frá undirskriftardegi samnings þessa, skal samningur þessi ekki öðlast gildi, nema ríkisstjórnin og ES semji skriflega um annað sín í milli.
- 3) Frá og með gildistökudegi samnings þessa samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar greinar skal samningur þessi haldast í gildi meðan í gildi eru tæknisamningurinn og sölusamningurinn og aðrir samningar milli ES eða dótturfélaga ES og Járblendifélagsins, sem gerðir eru í þeirra stað eða í svipuðum tilgangi og ríkisstjórnin kann að samþykkja, svo og rafmagnssamningurinn, eða meðan einhverjir þessara samninga eru í gildi, og svo lengi sem ES (eða framsalshafi ES skv. 9. málsg. 2. gr. eða 26. gr. samnings þessa) er hluthafi í Járblendifélaginu eða lánardrottinn Járblendifélagsins vegna hluthafalána eða einhverra svipaðra skuldbindinga eða er aðili að samningum við ríkisstjórnina, sem gerðir eru samningi þessum til

fullnustu, allt eftir því, sem við kann að þurfa vegna þeirra hagsmuna, sem samningi þessum er ætlað að staðfesta og vernda í hverju tilviki.

- 4) Ákvæði 14., 15. og 16. greinar samnings þessa skulu haldast í gildi um hina upphaflega samningstíma rafmagnssamningsins og sölusamningsins, sem vísað er til í 7. og 9. málsg. þessarar greinar, og um þann viðbótartíma annarshvors þessara samninga eða annarra samninga, er leysa þá af hólmi, sem ríkisstjórnin kann að ákveða við samningsframlenginguna eða samningsskiptin. Ef hinn tilgreindi gildistími nefndra ákvæða rennur út, skulu þau eigi að síður gilda áfram að því leyti, sem nauðsynlegt er til að ná tilgangi þeirra varðandi hagsmuni, sem skapast hafa á gildistíma þeirra.
- 5) Hinn óákveðni gildistími samnings þessa skal hvorki verða til að lengja né breyta á annan hátt neinum gildistíma, sem tilgreindur er í nokkrum öðrum samningum milli ríkisstjórnarinnar, ES, dótturfélaga ES, Járblendifélagsins og Landsvirkjunar, eftir því sem við á.
- 6) Svo fremi, að eigi verði skriflega samið um annað milli ríkisstjórnarinnar og ES, skal 3. kafli tæknisamningsins vera í gildi í fimmtán (15) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar.
- 7) Sölusamningurinn skal haldast í gildi meðan ES er hluthafi í Járblendifélaginu, en þó ekki í lengri tíma en tuttugu (20) ár frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu ríkisstjórnin og ES þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á sölusamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem báðir geti fellt sig við.
- 8) Ef sölusamningurinn rennur út, eða gildistíma hans lýkur á annan hátt, og ríkisstjórnin og/eða Járblendifélagið, eftir því sem við á, æskja þess, að einhver annar aðili en þau sjálf selji framleiðsluvöru Járblendifélagsins í útflutningssölu frá Íslandi, skal ríkisstjórnin veita, eða sjá til þess, eftir því sem í hennar valdi stendur, að Járblendifélagið veiti, ES tækifæri til að fá þá samninga, sem ríkisstjórnin, eða eftir atvikum Járblendifélagið, mundi veita viðvíkjandi útflutningssölu á framleiðsluvörum Járblendifélagsins, með eigi lakari kjörum og skilmálum en öðrum á að bjóða, áður en öðrum eru gerð nokkur bindandi skilorðslaus tilboð eða veittur samningur.
- 9) Rafmagnssamningurinn skal haldast í gildi um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til verksmiðjunnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu Landsvirkjun, Járblendifélagið og hluthafarnir þó hafa lokið viðræðum um framlengingu á rafmagnssamningnum um eigi minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum, sem þessir aðilar geti fellt sig við.

#### 24. gr.

##### Breytingar og uppsögn.

- 1) Heimilt er að breyta eða segja upp samningi þessum, tæknisamningnum og sölusamningnum hvenær sem er, hvort heldur er að hluta eða öllu leyti, en einungis með skriflegum samningi, sem réttilega er undirritaður og afhentur bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES, svo og Járblendifélagsins, eftir því sem við á, og að áskildu samþykki Alþingis, ef tilskilið væri samþykki þess í því tilviki, sem um er að ræða.
- 2) Samningur þessi, heimildarlögin og þeir samningar og önnur skjöl, sem honum eru til fullnustu, skulu koma í stað allra fyrri samninga og viljayfirlýsinga. Frá og með þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi, skal hvorugur aðilanna vera bundinn af neinum undanfarandi bréfaskiptum eða viljayfirlýsingum eða af neinu, sem eigi er skriflegt og undirritað af þeim aðila, sem af því skal bundinn, eða felst í heimildarlögunum.

## 25. gr.

**Óviðráðanleg öfl.**

- 1) Ríkisstjórnin og eftir atvikum ES, Járnblandifélagið og dótturfélög ES, skulu ekki bera ábyrgð á neinum drætti eða vanefnd samkvæmt samningi þessum, ef drátturinn eða vanefndin stafar af hernaði, eða af efnahagslegu umröti samfara honum; innflutnings- eða útflutningsbanni; skorti á vinnuafli, hráefni eða öðrum vörum, framleiðslutækjum eða flutningum; af vinnudeilum; hvers konar borgaralegum óeirðum; aðgerðum stjórnvalda eða hernaðaryfirvalda; eldsvoða; flóðum; jarðskjálftum; eldgosum; eða af nokkurri annarri ástæðu, hverju nafni sem nefnist, sem er óviðráðanleg þeim aðila, sem sagður er hafa vanefnt eða valdið drætti, og í öllum slíkum tilfellum skal sá aðili, sem vanefnt hefur eða valdið drætti, hefja efndir að nýju svo fljótt sem unnt er, og aðilunum hverjum um sig skal heimilt að grípa til allra aðgerða, er samrýmast samningi þessum, til að forða eða draga úr óhagstæðum áhrifum slíkrar vanefndar eða dráttar. Framanritað skal á sama hált gilda um alla samninga, sem gerðir eru til fullnustu samningi þessum, þar sem ekki eru ákvæði um óviðráðanleg öfl.
- 2) Áskilið er og samþykkt, að gagnvart samningi þessum skuli allar aðgerðir íslenska ríkisins og hinna ýmsu stofnana þess taldar vera á valdi ríkisstjórnarinnar, nema ríkisstjórnin geti óvæfengjanlega sannað hið gagnstæða.

## 26. gr.

**Framsäl.**

- 1) Samningur þessi verður hvorki framseldur með viljayfirlýsingu samningsaðila eða fyrir tilverknað lagaákvæða, nema til komi áður skriflegt samþykki gagnaðilans í formi breytingar á samningi þessum samkvæmt 1. málsg. 24. greinar samningsins.
- 2) Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar skulu ekki verða eða vera talin því til fyrirstöðu, að ES framselji samning þennan einhverju dótturfélaga sinna, að einhverju eða öllu leyti, hvenær sem er, en þó þannig, að ES ber áður að takast á hendur skilorðslaust gagnvart ríkisstjórninni að ábyrgjast fullar og samviskusamlegar efndir af hendi sérhvers slíks framsalshafa.

## 27. gr.

**Tilkynningar.**

- 1) Allar tilkynningar, sem leyft er eða skylt er að senda samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar, og hafi viðtakandi ekki fallist á aðra aðferð, þá skulu þær sendar með símskeyti, er verði staðfest með ábyrgðarbréfi í flugpósti, eða sendandi sjálfur afhenda þær viðtakanda, á þann stað, sem tilgreindur er við nafn hans:

Ríkisstjórnin	Iðnaðarráðherra, Reykjavík, Íslandi.
---------------	--

ES	Elkem-Spigerverket a/s, Middelthunsgate 27, Oslo, Noregi.
----	--

- 2) Hvorum samningsaðila er hvenær sem er heimilt að senda hinum aðilanum skriflega tilkynningu um breytingu á heimilisfangi í því tilliti, sem um ræðir í þessari grein.

28. gr.  
Ýmislegt.

- 1) Hinir ýmsu titlar eða fyrirsagnir hinna ýmsu kafla, greina og málsgreina þessa samnings eru eingöngu til hagræðis við tilvísun og skipta eigi máli um skýringu eða túlkun á samningnum.

FRAMANRITUÐU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

*Gunnar Thoroddsen,*  
iðnaðarráðherra.

Fyrir ELKEM-SPIGERVERKET A/S

*Karl Lorck,*  
forstjóri.

**Fylgiskjal VII.****Byggingarsamþykkt fyrir Vesturlandsumdæmi.**  
(26. apríl 1965.)

## 1. gr.

Gildissvið samþykktar þessarar er: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadals-sýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla og eiga sýslur þessar jafna aðild að stjórn þessara mála, samkvæmt nánara samkomulagi.

## 2. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsbygginga, er teljast fram-búðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslanna.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kaupún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

## 3. gr.

Sýslumenn ráða byggingafulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmiðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til fjögurra ára í senn.

Byggingafulltrúi, sé hann ráðinn, skal vera formaður bygginganefnda hinna einstöku hreppa og hefur á hendi eftirlit um að fyrirmælum byggingasamþykktar sé fylgt.

## 4. gr.

Laun byggingafulltrúa greiðast af sýslusjóðum að hálfu og af Byggingasjóði að hálfu.

Heimilt er sýslunefndum að jafna niður þeim kostnaði, er sýslurnar hafa af launagreiðslum byggingafulltrúa og öðrum kostnaði, er þær hafa af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fasteignagjaldi og í hundraðshlutföllum af fasteignamataverði jarða, þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5% af fasteignamatinu.

## 5. gr.

Greiðsla Byggingasjóðs er háð þessum takmörkunum:

1. Að tala byggingafulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir sjö.
2. Að starfsemi byggingafulltrúa sé Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadals-sýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
3. Byggingafulltrúa sé greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.



## 6. gr.

Hafi samþykkt um sameiginlegan byggingafulltrúi ekki náð löglegu samþykki eða verið sett, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingafulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr Byggingasjóði miðað við matsverð fasteigna á svæðinu horið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

Greiðslur af hendi Byggingasjóðs eru því skilyrði háðar að lagðir hafi verið fram kostnaðarreikningar og greiðsluhluti byggingarumdæmanna hafi verið inntur af höndum samkvæmt þeim reikningum.

Ákvæði 3.—6. gr. varðandi byggingafulltrúa taka því aðeins gildi, að þau verði samþykkt í viðkomandi sýslu, sbr. 6. gr. laga nr. 108 31. des. 1945 og nr. 26 1. apríl 1948.

## 7. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn, skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Byggingafulltrúi, er sýslurnar ráða samkvæmt 2. gr., á sæti í byggingarnefndum og er hann formaður þeirra, sé hann ráðinn. Verði ágreiningur í byggingarnefnd og jöfn atkvæði, ræður atkvæði formanns úrslitum.

## 8. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar úr Byggingasjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingasamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

## 9. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 75 frá 27. apríl 1962 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

Skýlt er þá byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

## 10. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabygginga og bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum.

3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

## 11. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdráttir af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60, og á hverju blaði auður reitur 7×10 cm í hægri horni efst.

Uppdráttir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

## 12. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingafulltrúa, sé hann ráðinn, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar, síðan kallar formaður nefndina saman og úrskurðar nefndin hvort leyfin skulu veitt. Byggingafulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem best byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

## 13. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús sem ætluð eru til atvinnu- reksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáiast gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 14. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréfléga hverja afgreiðslu mál hans hafa fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingafulltrúa eða byggingarnefndar.

## 15. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingafulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 16. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 10. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður, á kostnað eigenda, það sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

## 17. gr.

Byggingarnefndum og byggingafulltrúa er enn fremur falið að hafa:


1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og ihlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.


Byggingarsamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1945. um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26/1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 26. apríl 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

Þorv. K. Þorsteinsson.





This drawing, unless otherwise indicated, is the property of the Union Carbide Corp. It is loaned to you for your use only. It is not to be used for any other purpose without the written consent of the Union Carbide Corp. It is not to be used for any other purpose without the written consent of the Union Carbide Corp. It is not to be used for any other purpose without the written consent of the Union Carbide Corp.

**UNION CARBIDE**  
**UNION CARBIDE CORPORATION**  
**FERROALLOYS DIVISION**  
 WOODS, KENTLAND


DEPT. YARD UNIT BLDG. NO.  
 CLASSIFICATION PROPOSED PLANTS & PROCESSES


TITLE: **GENERAL LAYOUT**  
 PROJECT: **75% FERROSILICON PLANT**

DRAWING INFORMATION TABLE NO. DATE: 8/14/46  
 DESIGNED BY: CF  
 CHECKED BY: CF  
 SCALE: 1"=100'

APPROVED BY: *Payton*  
 DATE: 8/23/46  
 S-13600

NO.	REV.	DATE	BY	DESCRIPTION OF REVISION
1	0			
2	1	8-14-46	CF	BLDG. BLDG. ADDED W.C. DIM.
3	2	8-20-46	CF	CHGD. BUILDING LOCATIONS
4	3	8-23-46	CF	REDRAWN





This drawing is the property of the Union Carbide Corporation. It is loaned to you for your information and use only. It is not to be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted in any form or by any means, electronic, mechanical, photocopying, recording, or by any information storage and retrieval system, without the prior written permission of the Union Carbide Corporation. The Union Carbide Corporation is not responsible for any errors or omissions in this drawing. The Union Carbide Corporation is not responsible for any damage to property or injury to persons or animals caused by the use of this drawing. The Union Carbide Corporation is not responsible for any consequences of any action taken in reliance on this drawing. The Union Carbide Corporation is not responsible for any consequences of any action taken in reliance on this drawing.

NO.	REV.	DATE	BY	DESCRIPTION OF REVISION
1	0	1/15/55	CF	PRELIMINARY LAYOUT
2	0	1/15/55	CF	FIELD SURVEY LOCATIONS
3	0	1/15/55	CF	REDRAWN

UNION CARBIDE CORPORATION  
FERROALLOYS DIVISION  
KESKING, KESKING

DEPT: YARD UNIT: \_\_\_\_\_

ELABORATION: PROPOSED PLANTS & PROCESSES

TITLE: GENERAL LAYOUT

PROJECT: 75% FERROSILICON PLANT

ENGINEERING DEPT: HARRIS FALLS, N.J. DATE: 2/1/55

DESIGNER: CF DATE: 1/15/55

EXAMINED: *Boyle* DATE: 1/15/55

APPROVED: *Boyle* DATE: 1/15/55

SCALE: 1" = 100'

S-13600